



# Hjálmur

fréttablað

Hér er vígið! Við oss talar  
viðkvæm reynsla um liðna tíð:  
Gegnum þrautir grárrar malar,  
gegnum þrjátíu ára stríð,  
félag vort var brautarbending,  
benti á nýtt og fyllra líf.  
Þar var ætíð þrautar lending.  
Þar var fólksins trausta HLIÐ.

Verkalýðsfélagið Hlíf óskar  
félagsmönnum og Hafnfirðingum  
öllum gleðilegrar aðventu og  
hamingjuríkra jóla!

*Jóhannes úr Kötlum*



Helstu atriði  
„lífskjarasamningsins“



Palestínuferð á vegum ASÍ



Afkastamikið þing  
Starfsgreinasambandsins

# Reiknikúnstir og orðaleikir duga aldrei lengi

Leiðari eftir Kolbein Gunnarsson, formann Verkalýðsfélagsins Hlífar



Kjarasamningar á almennum markaði voru undirritaðir 1. apríl 2019. Þeir gilda til 1. nóvember 2022 eða í 3 ár og 8 mánuði. Nú eru í gangi samingarviðræður við Samband íslenskra sveitafélaga. Starfgreinasamband Íslands fer með umboðið fyrir langflest félöganna. Það er mikil samstaða með félögum innan Starfgreinasambandsins í þessari vinnu. Þar gæti farið að draga til tíðinda, en það er vonum seinna, því samningarnir hafa verið lausir frá 31. mars á þessu ári. Jafnframt gætu hækkunarform sumra sveitarfélaga sett



strik í reikninginn. Auk þessara samninga eru í gangi viðræður við ríkið og í kjölfarið verður rætt við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Það er von um að með samstöðunni verði frekari árangur af kjarasamningsgerðinni við sveitarfélögin. Byrjað var að ræða um sérkröfur um einstaka liði samningsins en nú er verið að ræða um launaliði. Kröfugerðin byggir á samningum sem voru gerðir á almennum markaði, þar sem lægstu laun hækkuðu um 17.000 krónur á mánuði. Jafnframt er lögð áhersla á að launaþróunartrygging og hagvaxtarauki verði í samninginum. Ennfremur er gert ráð fyrir því að samningarnir tryggi styttingu vinnutímans á samningstímanum.

Kjarasamningur við Río Tinto sem var laus 31. maí 2019 er enn í vinnslu en félögin tóku um það ákvörðun eftir síðasta fund, þann 26. nóvember, að vísa deilunni til Ríkissáttasemjara. Enginn árangur hafði orðið af viðræðum um leiðréttingar á launum starfsmanna sem hafa setið eftir frá samþykkt miðlunartillögu árið 2015.

## Hrópleg mótsögn

Það er hrópleg mótsögn, að á sama tíma og almenningur er að semja til lengri tíma um stöðugleika á vinnumarkaði með hóflegum launahækkunum ætla sveitarfélög að fara fram með hækkanir á gjaldskrá og sér hækkun til þeirra sem eru valdir til að stýra sveitarfélögum. Samband íslenskra sveitarfélaga gaf það út að kostnaðarauki af álögum færi ekki fram yfir 2,5 % þegar lífskjarasamingurinn var gerður á almennum markaði í vor.

Fregnir eru af því að sum sveitarfélög hafi gefið út að þau ætli að halda hækkunum á gjaldskrá, þ.m.t. fasteignagjöldum, innan við 2,5% og taka þannig ábyrgð og taka þátt í að stuðla að verðstöðugleika í samfélaginu sem er vel.

Það á þó því miður ekki við um öll sveitarfélög. Sum þeirra ætla að láta íbúa bera miklar gjaldskrárhækkanir á komandi ári og draga þannig úr þeim ávinningi sem lífskjarasamningnum var ætlað að skila.

SKRIFSTOFA  
VERKALÝÐSFÉLAGSINS  
HLÍFAR  
Reykjavíkurvegi 64

### OPNUNARTÍMI:

Mánudaga til föstudaga  
frá kl. 8:30 til 16:00  
Sími: 5100 800  
Fax: 5100 809

Veffang: [www.hlif.is](http://www.hlif.is)  
Netfang: [hlif@hlif.is](mailto:hlif@hlif.is)  
Ábyrgðarmaður:  
Kolbeinn Gunnarsson

Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf  
Ritstjórn: Guðmundur Rúnar Árnason  
Umbrot: Baldvin Baldvinsson  
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Þá virðast sum sveitarfélög ætla að hækka fasteignaskatta og önnur fasteignagjöld langt umfram verðbólgu og bera fyrir sig þau rök að fasteignaskattar falli ekki undir gjaldskrár sveitarfélaga. Reiknikúnstir og orðaleikir sem eru ætlaðir til þess að slá ryki í augu fólks eru ekki líklegir til þess að auka traust á stjórnámálumönnum. Orðaleikir og reiknikúnstir duga ekki lengi – ekki frekar en stjórnámálamennirnir sem beita þeim. Fólk finnur nefnilega fyrir hækkunum í þyngri rekstri heimilanna. Það er mælikvarðinn sem skiptir máli og allir skilja.

Stjórnvöld þurfa að koma að samningum vegna skattamála, húsnæðismála og velferðamála. Lagfæra þarf persónuafslátt sem hefur ekki fylgt launaþróun en hann hefur setið eftir og er um 56.447 kr. og þarf að hækka. Leiðrétting á persónuafslætti mun koma launafólki og öryrkjum og eldri borgurum verulega til góða

og tryggja að þau hefðu meira á mánuði til framfærslu. Draga þarf úr skerðingum hjá ellilífeyrisþegum og öryrkjum. Auka þarf framlag ríkisins til lífeyrissjóða til að mæta örorkubyrði sjóðanna. Þessu til viðbótar hafa barnabætur, húsnæðisbætur og vaxtabætur verið skertar undanfarna áratugi sem er þess valdandi að fólk á lægstu launum hefur ekki notið kaupmáttaraukningar eins og aðrir í samfélaginu.

Eitt það brýnasta í málefnum ungs fólks eru húsnæðismál. Það er því gleðilegt að þess er að vænta að um mitt næsta ár hefji íbúðafélagið Bjarg byggingu um 150 íbúða í Vallahverfinu. Unnið er að deiliskipulagi í samvinnu við félagið og framkvæmdir ættu að geta hafist í sumar, að því gefnu að skipulagsvinnu verði lokið og lóðirnar verði byggingarhæfar. Að mínu mati þarf að ríkisvaldið að endurmeta forsendur á greiðslumati til að yngra fólk geti fengið lán til kaupa á fyrstu íbúð. Stjórnvöld verða að stíga

stærri skref til að koma til móts við þennan hóp.

Ég óska öllum félagsmönnum og landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



## Jólaþveðjur til félagsmanna Hlífar



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF

**Umhverfisvæn þrif með ENJO**  
 ENJO Reykjavíkurvegi 64 - Hafn  
[office@is.enjo.com](mailto:office@is.enjo.com) Sími 555 1515  
 Vefverslun: [shop.enjo.is](http://shop.enjo.is)





Upphaflega fóru aðildarfélag Starfsgreinasambandsins öll saman í þessa vegferð, en fyrir um ári komu upp mismunandi sjónarmið um leiðir. Nokkur félag drógu umboð sitt til baka og undirbjuggu aðgerðir. Þau félag efndu til skærverkfalla, en á endanum var svokallaður „Lífskjarasamningur“ undirritaður í apríl. Öll félag Starfsgreinasambandsins, auk annarra á almennum vinnumarkaði voru að lokum aðilar að samningnum.

### Enn ósamið við stóra hópa

Þá var aftur á móti enn ósamið við starfsfólk sveitarfélaga og ríkisins, auk starfsfólks sem vinnur hjá fyrirtækjum í Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og hjá einkareknum leikskólum. Þá er enn ósamið fyrir þann stóra hóp sem vinnur hjá Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Hér er sagt stuttlega frá samningum á almenna markaðnum og rætt við Kolbeinn Gunnarsson um hann – og þá samninga sem enn eru ófrágengnir.

## Allt árið undir í kjarasamningagerð

*Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar og Eyþór Árnason, varaformaður, leggja á ráðin fyrir fund með starfsfólki í álverinu í Straumsvík.*

Það er búið að vera mikið að snúast í samningamálunum mestan hluta ársins, þótt flestar viðræður hafi legið niðri yfir sumarmánuðina. Í apríl var kjarasamningur á almennum vinnumarkaði undirritaður, eftir alllangar og strangar viðræður.

Veislur & Fagnaðir



# PINNA & TAPASRÉTTIR

Nú gefst þér tækifæri til að gleðja starfsfélaga, fjölskyldu og vini með konunglegum pinnamat frá Veislulist



Pinna- og tapasréttir eru afgreiddir á einnota fötum, klárt fyrir veisluborðið.

Næst þegar þið þurfið smurt brauð, pinna eða tapasrétti fyrir veisluna eða annan mannfagnað, hafðu þá samband og fáðu tilboð í veitingarnar þínar.

Sjá verð og verðdæmi á heimasíðu okkar [www.veislulist.is](http://www.veislulist.is)

**S: 555 1810**

**PANTÍÐ TÍMANLEGA**  
veislulist@veislulist.is

**Veislulist**

Hólshraun 3 - 220 Hafnarfjörður • Símar: 555-1810, 565-1810 • Netfang: [veislulist@veislulist.is](mailto:veislulist@veislulist.is) • [www.veislulist.is](http://www.veislulist.is)



# Helstu atriði „lífskjarasamningsins“

Kjarasamningurinn sem gerður var í byrjun apríl, gildir frá 1. apríl, til 1. nóvember 2022. Öll mánaðarlaun hækkuðu um 17.000 krónur frá og með fyrsta apríl. Það þýðir, að lægstu launin hækkuðu mest hlutfallslega, eða um 30%. Samið var um 26 þúsund króna eingreiðslu í byrjun maí.

Í samningnum eru ákvæði um möguleika á að á hverjum vinnustað verði samið um styttingu

vinnutíma, styttingu sem getur orðið veruleg á sumum vinnustöðum, sé allt tekið með. Í samningnum er gert fyrir því að skattbyrði lægstu launa lækki um 10 þúsund krónur á mánuði og að skilyrði verði sköpuð fyrir verulegri vaxtalækkun á samningstímanum.

## Hagvaxtarauki

Á árunum 2020-2023 koma til framkvæmda launaauki að gefinni ákveðinni þróun hagvaxtar

á hvern íbúa. Þessi tenging tryggir launafólki hlutdeild í verðmætasköpuninni. Ákvæðið nýtist best þeim tekjulægri þar sem hækkunin fer af fullum þunga á taxtakaup og ¾ á önnur laun. Hagvaxtarauki getur hækkað taxtalaun um 3-13 þúsund á ári eftir hagvaxtartölum ársins. Hagvaxtartengdar hækkunir koma til áhrifa 1. maí árin 2020, 2021, 2022 og 2023 og byggjast á hagvaxtartölum ársins á undan, eins og þær eru reiknaðar af Hagstofunni.

## Lífskjarasamningurinn er grundvallaður á krónutöluhækkunum



Hagvaxtaraukinn tryggir að **hlutur launafólks í verðmætasköpuninni helst stöðugur**, sem í dag er sá hæsti meðal ríkja OECD.

Hagvöxtur á mann	Hagvaxtaraukinn
> 1,0%	+3.000 kr.
> 1,5%	+5.500 kr.
> 2,0%	+8.000 kr.
> 2,5%	+10.500 kr.
> 3,0%	+13.000 kr.

- Hagstofan birtir tölur um hagvöxt á mann í mars ár hvert.
- Launahækkunir munu því eiga sér stað í maí.
- Árleg samningsbundin launahækkun samanstendur af grunnlaunahækkun og launaauka

Hagvaxtaraukinn fer að fullu á taxtalaun en 75% í almenná hækkun.



## Vinnutímastytting: Starfsfólk og atvinnurekendur velji það fyrirkomulag sem hentar best á hverjum vinnustað



### Launhækkanirnar

Eins og áður segir hækkuðu kauptaxtar um 17 þúsund á mánuði þann 1. apríl. Á næsta ári (1. apríl) hækka þeir um 24 þúsund og aftur þann 1. janúar 2021. Ári síðar hækka þeir síðan um 25 þúsund krónur.

Þeir sem eru á mánaðarlaunum og ofan við kauptaxta hækkuðu um 17 þúsund þann 1. apríl (miðað við fullt starf) og hækka um 18 þúsund þann 1. apríl 2020. Fyrsta janúar 2021 hækka mánaðarlaun um 15.750 krónur og um 17.250 1. janúar 2022. Kjaratengdir liðir samningsins, t.d. bónusar, hækka um 2,5% á sömu dagsetningum og hækkanir mánaðarlauna nema um annað sé samið.

Í samningnum er lágmarkstekjutrygging, sem tryggir lágmarks mánaðarlaun fyrir fulla vinnu að meðtöldum álögum, bónusum og aukagreiðslum, miðað við fullt starf. Frá 1. apríl eru lágmarkstekjur 317 þúsund krónur á mánuði, verða 335 þúsund frá 1. apríl 2020, 351 þúsund frá 1. janúar 2021 og 368 þúsund frá 1. janúar 2022.

### Orlofs- og desemberuppbót

Orlofsuppbót hækkaði úr 48 þúsund krónum 2018 í 50 þúsund á þessu ári. Hún hækkar síðan um þúsund krónur á ári til loka samningsins. Desemberuppbót var 89 þúsund krónur árið 2018. Hún hækkar í 92 þúsund á þessu ári, 94 þúsund á því næsta, 96 þúsund árið 2021 og 98 þúsund árið 2022.

### Forsendur samninganna

Helstu forsendur kjarasamninganna eru eftirfarandi:

- Kaupmáttur launa hafi aukist á samningstímabilinu skv. launavísitölu Hagstofu Íslands.

2. Vextir lækki verulega fram að endurskoðun samnings í september 2020 og haldist lágir út samningstímam.

3. Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit skv. yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna.

Forsendurnar verða metnar í september 2020 og aftur í september 2021. Forsendunefnd verður skipuð þremur fulltrúum frá hvorum samningsaðila.

### Innlegg ríkisstjórnar og sveitarfélaga

Líkt og oftast við gerð kjarasamninga, gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu um aðgerðir sem hún hygðist grípa til, til þess að liðka fyrir. Meðal helstu atriða í innleggi ríkisstjórnarinnar eru:

- Nýtt lágtekjuprep í þriggja þrepa skattkerfi. Ráðstöfunartekjur tekjulægsta hópsins aukast um 10.000 kr/mánuði.
- Húsnæðismál: 2 milljarðar í viðbót í stofnframlög 2020-2022 ca. 1.800 íbúðir, unnið verður með aðilum vinnumarkaðarins að leiðum til að auðvelda ungu fólki fyrstu kaup og núverandi heimild til nýtingar á séreingarsparnaði verður framlengd.
- Lífeyrismál: lögfest verður heimild til að ráðstafa 3,5% í tilgreinda séreign. Heimilt verður að ráðstafa tilgreindri séreign til húsnæðismála með tíma og fjárhæðartakmörkum. Farið verður í endurskoðun lífeyristökualdurs í samráði við aðila.
- Fæðingarorlof lengist úr 9 mánuðum í 10 í byrjun árs 2020 og lengist í 12 mánuði í byrjun árs 2021.
- Tekið verður á kennitölufлакki samkvæmt tillögum ASÍ og SA og heimildir til refsinga auknar. Keðjuábyrgð um opinber

innkaup verður lögfest. Aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumannsals og nauðungarvinnu aukin.

- Verðtryggð jafngreiðslulán til lengri tíma en 25 ára verða bönnuð frá 2020 nema með ákveðnum skilyrðum. Frá byrjun árs 2020 verður lágmarkstími verðtryggðra neytendalána lengdur úr 5 í 10 ár. Spornað verður við sjálfvirkum vísitölhækkunum vöru, þjónustu og skammtímasamninga.

Af sama tilefni gaf Samband sveitarfélaga út svofellda yfirlýsingu.

„Til að stuðla að verðstöðugleika mun Samband íslenskra sveitarfélaga mælast til þess við sveitarfélögin að þau hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda.“

Einnig mun sambandið mælast til þess við sveitarfélögin að á árinu 2020 muni gjöld á þeirra vegum hækka um 2,5% að hámarki, en minna ef verðbólga er lægri.“

## Ertu búin(n) að „læka“?

Félagsmenn Hlífar eru hvattir til að „líka við“ facebook síðu Verkalýðsfélagsins Hlífar. Með því móti geta þeir fylgst með starfi félagsins, fréttum af kjarasamningum og öðru sem máli skiptir.



# Sveitarfélögin þurfa að vinda ofan af áformuðum hækkunum á álögum

-segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar



Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar, hefur tekið þátt í vinnu við gerð kjarasamninga í áratugi. Hann er því í góðri aðstöðu til að leggja mat stöðuna eins og hún er í dag og á líklegt framhald. Hann gerir ráð fyrir því að kjarasamningurinn á almennum markaði muni að talsverðu leyti ramma inn aðra samninga. Í honum hafi verið farið fram með það upplegg að það verði ákveðnar hækkanir yfir línuna næstu fjögur árin, eða til 2022. „Þetta eru hóflegar hækkanir í upphafi, en samningurinn er frekar afturhlaðinn. Fólk var hrætt við að það væri allt að fara á verri veg þegar Wow fór í þrot.“

Samkvæmt samningnum hækka laun þeirra sem eru á taxa í heildina um 90 þúsund, en fyrir þá sem eru yfirborgaðir, ofan við taxtana, verður hækkunin 68 þúsund. „Við höfum farið í viðræður við aðra viðsemjendur á þessum grunni“, segir Kolbeinn. Félagin innan Starfsgreinasambandsins hafi verið samstiga í þessari vinnu, að taka þetta inn í grunninn. Það þurfi aftur á móti að endurskoða launatöflur næst þegar verði samið. „Ef það er ekki gert, mun það þjappa saman launaflokkum og á endanum fjölga þeim sem eru á sömu launum þegar upp er staðið. Launataxtarnir flestjast út.“

## Afgerandi skref til styttingar vinnutíma

Kolbeinn segir að kröfur félaganna um að ná að stíga afgerandi skref varðandi styttingu vinnutímans í samningunum hafa tafið vinnuna í viðræðum við sveitarfélögin.

BSRB, ríkið og Reykjavíkurborg hafi verið með mismunandi útfærð verkefni varðandi styttingu vinnutímans undanfarin misseri og flestir hafi verið sammála um að þau hafi gengið vel. Það hafi legið í loftinu að rétt væri að láta útfærslur vinnutímastyttingar komast á rekspöl í samningaviðræðum opinberu félaganna. Það hafi aftur á móti tekið langan tíma. „Það hefur verið snúið að finna útfærslur fyrir vaktavinnufólki. Hjá okkur er það t.d. fólk á hjúkrunarheimilum. Það er hins vegar komið samkomulag um dagvinnufólki hjá BSRB og mér sýnist það muni verða með svipuðum hætti hjá okkur“, segir Kolbeinn.

Annað mál sem hafi þvælst fyrir sé tregða sveitarfélaganna varðandi lífeyrisaukann, sem félagin töldu sig hafa fengið vilyrði fyrir í samningunum 2015. Málið hafi ekki gengið eftir og hvorki unnist í Félagsdómi né Hæstarétti. „Mér sýnist lendingin verða sú“, segir Kolbeinn, „að það verði greidd 1,5% út árlega til hvers og eins starfsmanns hjá sveitarfélögunum. Það mun þá væntanlega líka gilda fyrir þá sem vinna hjá sjálfstætt starfandi skólum.“

Að sögn Kolbeins er ýmislegt fleira óklárað, þótt lending hafi náðst varðandi mörg atriði. „Við viljum til dæmis ná því inn að starfsfólk á leikskólum fái greiddar 30 mínútur fyrir að matast með börnunum. Við viljum að þeir sem eru í vaktavinnu hjá Hafnarfjarðarbæ hluta úr ári eigi hlutfallslegan rétt af vetrarfríi sem vaktavinnufólk

hefur. Það eru því ýmis atriði sem enn er verið að eltast við. Ef það losnar um þessa hnúta á næstunni, ætti ekki að vera langt í að hægt verði að undirrita kjarasamninga.“

Kolbeinn segir að þetta gæti verið að nást saman, ef sú staða komi ekki upp að hækkanir sveitarfélaga á ýmsum þjónustugjöldum og fasteignagjöldum í tengslum við fjárhagsáætlanir fari ekki fram úr yfyrisingum í tengslum við lífskjarasamninginn. Það gæti siglt viðræðum í strand. „Við skulum samt vona að til þess komi ekki, en þá verða sveitarfélögin að vinda ofan af því sem þau hyggjast fyrir. Ef sveitarfélögin halda til streitu hækkunum, held ég að það verði mikil fyrirstaða hjá félögunum að skrifa undir kjarasamning, jafnvel þótt hann væri tilbúinn að öðru leyti. Við eigum eftir að þrýsta á að þetta verði dregið til baka áður en það verður skrifað undir.“

Að sögn Kolbeins er þó ekki útilokað að tímalínan verði þannig að það verði skrifað undir og sveitarfélögin leggi á hækkanir eftir það. „Þeim verður samt ekki kápan úr því klæðinu, vegna þess að launaþróunartryggingin sem væntanlega verður sett inn í samninginn verður skoðuð næsta haust. Þá koma allar þessar tölur inn. Segjum að kostnaður vegna aðgerða sveitarfélaga reynist 1-2%, þá þýðir það að sveitarfélögin þurfa að bæta fólkinu það upp.“



## Samningar við ríkið og SFV

Verkalýðsfélagið Hlíf er ekki með marga félagsmenn núna sem vinna hjá ríkinu, en það getur alltaf komið til að ríkið flytji starfsemi inn á svæðið. Í því sambandi má benda á Haffrannsóknastofnun.

„Þess vegna geri ég ráð fyrir því að við verðum aðilar að þeim samningi. Starfsfólkið á Sólvangi var ríkisstarfsmenn og nýtur þeirra kjara og réttinda sem kveðið er á um í þeim samningi. Þótt Sólvangur sé nú kominn í Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, þarf að gæta þess að fólkið glati ekki réttindum vegna aðilaskiptanna. Það þarf að semja við SFV og rekstraraðila á Sólvangi um það. Við þurfum að fallast á að farin verði sú leið.“ Kolbeinn gerir ekki ráð fyrir neinum sérstökum erfiðleikum í þessu sambandi, en þetta þurfi að gera með formlegum hætti. „Við leggjum áherslu á að enginn tapi í kjörum eða réttindum vegna yfirtöunnar.“ Samningar fyrir þann hóp, þ.e. sem starfa hjá fyrirtækjum í velferðarþjónustu, svosem Hrafnistu og

Sólvangi verði þó aldrei fyrr en búíð sé að ganga frá ríkissamningi. Ríkið greiði fyrirtækjunum ekki fyrir neinar launahækkanir fyrr en búíð sé að semja við ríkisstarfsmenn á sambærilegum stofnunum.

## Ekkert meira í ausunni

Kjaradeilunni við Rio Tinto Alcan var nýlega vísað til Ríkissáttasemjara. Kolbeinn segir að erfitt hafi reynst að fá svör frá fyrirkækinu og svo virðist sem þau séu ekki reiðubúin til að gera alvöru samning. Fyrirkækið sé í söluferli og forsvarsmenn segjast ekki vilja binda hendur væntanlegra eigenda. „Það er ekki fyrrenn á síðustu dögum að þau hafa fengið heimild eigenda til að gera kjarasamning. Fyrst voru þau tilbúin að tala um eitt ár. Síðan komu hugmyndir um samning til 16-18 mánaða, en þá voru þau líklega að reyna að komast framhjá því að þurfa að greiða seinni hækkunarinnar í lífskjarasamningnum frá í vor. Við sögðumst ekki tilbúin í styttri samning, nema ná inn greiðslunni fyrir 2020.“ Síðan hafi fyrirkækið lagt fram tilboð til tveggja ára. Kolbeinn segir það gera erfitt fyrir í þessum viðræðum, að síðustu samningar hafi byggt á miðlunartillögu ríkissáttasemjara, eftir mikið þref. „Það leiddi aftur á móti til þess, að við drögumst aftur úr öðrum stóriðjusamningum. Við viljum fá fram leiðréttingu núna til að brúa það bil sem varð. Við sitjum uppi með þann vanda að hafa dregist um 12-15% aftur úr öðrum álfyrirtækjum í landinu. Við höfum lýst okkur reiðubúin til að geyma leiðréttinguna þar til á síðari stigum samningsins, verði samið til fjögurra ára. Ef samið verður til skemmri tíma, viljum við hafa eitthvað í höndunum um að farið verði í þessa leiðréttingu og hvernig.“

Kolbeinn segir það hafa verið mat samninganefndarinnar að það væri ástæðulaust að sitja yfir þessu lengur og því var ákveðið að vísa

deilunni til Ríkissáttasemjara, sem þá tekur við verkstjórn. „Þar var verið að færa hitt og þetta til, án þess að það skilaði meiru. Það er verið að hræra í pottinum, en síðan er bara mismunandi hvenær ausan er tekin upp úr. Það er ekkert meira í ausunni.“

## Sæmilega sáttur við lífskjarasamninginn

Kolbeinn er að lokum spurður hvort hann sé sáttur við kjarasamninginn á almenna markaðnum, sem gengið var frá í vor og ástandið í hreyfingunni. Hann segist sáttur við margt í samningnum, en hann hefði viljað sjá nýja launatöflu verða að veruleika. „Það var búíð að leggja mikla vinnu í hana, sem síðan var lögð til hliðar á lokametrunum. Hún hefði gefið fólki meira í enda samnings en þessi útfærsla.“

Hann segir launaþróunartrygginguna skipta verulega miklu máli. Hún hafi til dæmis skilað fólki hjá sveitarfélögum og SFV allt upp í 2%, vegna samanburðar við opinberu félögin. Síðan sé hagvaxtartengingin mikilvæg, að vísu ekki akkúrat núna, en ef hjólin fari að snúast eftir 1-2 ár, eins og spár geri ráð fyrir, þá séu þarna mikil sóknarfæri.

Að sögn Kolbeins er ástandið í Starfsgreina-sambandinu betra en það hafi oft verið í gegnum tíðina. „Samstaðan hefur sjaldan verið betri en hún er akkúrat í dag. Það hefur komið ýmislegt upp á, eins og gengur og gerist. Efling hefur unnið með okkur heilshugar að sveitarfélagsamningnum. Mér finnst gott að ná 17 til 18 félögum af 19 saman í sömu viðræður. Stærstu og mikilvægustu félögin eru að vinna náíð saman. Það skilar alltaf mestu til lengri tíma litið“, segir Kolbeinn að lokum.







## Verkalýðsfélagið Hlíf styrkir Mæðrastyrksnefnd

Á fundi sínum þann 21. nóvember sl. samþykkti stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar að styrkja starf Mæðrastyrksnefndar um 300.000 krónur vegna jólaúthlutunar 2019.

Í nefndinni sitja: Ásta Eyjólfsdóttir, formaður; Ásta Lunddal Friðriksdóttir, varaformaður; Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir, gjaldkeri; Magna Ólafsdóttir; Guðrún Þórhalla Helgadóttir og Þorbjörg Bergsdóttir.

**Allt viðhald  
fasteigna**

**TRÉSMÍÐJAN  
OKKAR EHF.**

**Reykjavíkurvegi 64,  
Hafnarfirði, s.894 4025**



Kragelund stólar  
K 406

Chicago  
hornsófi



## Klassísk gæða húsgögn á góðu verði



- Sófasett
- Borðstofuborð
- Stólar
- Skenkar/skápar
- Hvíldarstólar
- Kommóður/hillur
- o.m.fl.



KRAGELUND OTTO



GLOBL VIKTOR  
Hvíldarstóll



KRAGELUND K371

**Komið og skoðið úrvalið**

**NYFORM**  
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](http://nyform.is)

# Fræðslu- og kynnisferð til Palestínu á vegum ASÍ

Alþýðusamband Íslands stóð fyrir fræðsluferð til Palestínu dagana 27. október til 2. nóvember.



**Ferðin var skipulögð með það fyrir augum, að opna umræðu í verkalyðshreyfingunni um stöðuna í Palestínu og kynnst af eigin raun aðstæðum almennings og launafólks í landinu.**

Í ferðinni hitti Íslenski hópurinn, sem samanstóð af 20 fulltrúum, frá ASÍ og aðildarfélögum vítt og breitt um landið, palestínska forystumenn



Íslenski hópurinn með Mustafa Barghouti lækni, sem er Íslendingum að góðu kunnur



Myndmálið er sterkt vopn í friðsamlegri baráttu

og fulltrúa ýmissa verkalyðssamtaka. Formaður og framkvæmdastjóri Hlifar voru meðal þeirra sem fóru í ferðina.

Verkalyðshreyfingin í Evrópu hefur lagt áherslu á samstöðu með Palestínumönnum. Víða hefur það verið gert með sniðgöngu á ísraelskum vörum og viðskiptabanni, líkt og gert var til að knýja stjórnvöld í Suður Afríku til að láta af aðskilnaðarstefnu sinni, en aðferðir Ísraelsmanna minna um margt á hana.

Tilgangur ferðarinnar var m.a. að fá upplýsingar frá fyrstu hendi, um það með hvaða hætti hægt væri að efla samstöðu með palestínsku launafólki, en staða þess er afar slæm.

Ferðin var jafnframt nýtt til að fræðast um sögu Palestínu og heimsækja ýmsa sögustaði, en svæðið allt er deigla og suðupottur menningar og trúarbragða. Þar eiga bæði gyðingdómur og kristni uppruna sinn og svæðið er einnig mikilvægt múhameðstrúarmönnum.



Aðskilnaðarmúrinn sem Ísraelsmenn hafa reist



# Saga landráns og aðskilnaðarstefnu

## - Aðstæður almennings í Palestínu eru skelfilegar og versna stöðugt vegna ógnarstjórnar Ísraelsmanna

Árið 1948 var Ísraelsríki sett á stofn og Palestínu um leið skipt upp í tvö ríki að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Bretar höfðu lengi farið með stjórn svæðisins og árið 1922 veitti forveri Sameinuðu þjóðanna, Þjóðabandalagið, þeim formlegt forræði Palestínu. Á þeim tíma voru tæp 80% íbúanna múslimar, um 11% gyðingar

og 10% kristnir. Bretar beittu sér leynt og ljóst fyrir því að ríki gyðinga yrði stofnað í Palestínu. Eftir síðari heimstyrjöldina og helförina jókst þrýstingur á stofnun sjálfstæðs ríkis Ísraels, þrátt fyrir andstöðu Palestínumanna. Gyðingar í Palestínu lýstu svo yfir stofnun Ísraelsríkis í maí 1948.

Nágrannaríkin réðust strax á Ísrael, sem hafði sigur með umtalsverðum landvinningum. Það þýddi, að Ísrael náði strax yfirráðum yfir mun stærra landssvæði en upphafleg skipting gerði ráð fyrir. Um 700.000 Palestínumenn voru reknir

af heimilum sínum og gyðingar settust þar að. Einungis tvö svæði, Vesturbakkinn (ásamt austurhluta Jerúsalem) og Gazaströndin voru eftir.

Staða Palestínumanna hefur stöðugt versnað eftir þetta. Í Sex daga stríðinu svokallaða, árið 1967, juku Ísraelsmenn enn á landvinningana, hertóku Sinaiskaga og austurhluta Jerúsalem, sem þeir lýstu höfuðborg Ísraelsríkis í kjölfarið. Alþjóðasamfélagið hefur ekki fallist á þá ákvörðun.



Þróunin frá stofnun Ísraelsríkis

Ísland var fyrst Norðurlandanna til að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt ríki árið 2011, m.v. landamærin eins og þau voru fyrir hernám Ísraels í Sex daga stríðinu 1967. Alls hafa 137 af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna viðurkennt Palestínu sem sjálfstætt ríki.

## Landránsbyggðir

Rétt áður en Ísraelsríki var sett á stofn, áttu gyðingar um 6% landsins í Palestínu. Við skiptingu landsins að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna 1947 og stofnun Ísraelsríkis árið eftir, fengu Palestínumenn tæpan helming, eða um 45%. Í kjölfar styrjalda og með ýmsum aðgerðum stjórnvalda í Ísrael hefur sífellt verið þrengt að Palestínu. Yfirráðasvæði þeirra í dag eru litlir, dreifðir landsskikar, að flatarmáli um það bil jafn stórir og yfirráðasvæði gyðinga voru fyrir stofnun Ísraelsríkis.



Viða blasir við tilgangslaus eyðilegging

Um 480.000 Ísraelskir landræningar búa ólöglega á herteknum svæðum í Palestínu, þar af um 286.000 í um 120 þorpum á Vesturbakkanum og um 194 þúsund í Austur-Jerúsalem. Landtaka af þessu tagi er óheimill samkvæmt Genfarsáttmálanum, þar sem kveðið er á um það að flutningur óbreyttra borgara hernámsþjóðar inn á hernumið land sé óheimill.

### Aðskilnaðarmúrinn

Ísrael hefur reist um 700 kílómetra langan aðskilnaðarmúr á milli Palestínu og Ísrael. Múrinn er sveigður um 18 km inn á skilgreint landssvæði Palestínu, gagngert til að ná undir sig vatnsbólum og náttúruauðlindum. Palestínუმenn eru beittir allmiklu harðræði af hálfu Ísraels og ástandinu á sumum svæðum þeirra má líkja við fangabúðir.

Framkoma Ísralesmanna í garð íbúa Palestínu líkist æ meira meðferð hvíta minnihlutans í Suður-Afríku á tíma aðskilnaðarstefnunnar. Þeir þurfa sérstök skilríki til að ferðast á milli svæða, sérstök leyfi til að vinna í landránsbyggðum og aðgangur að vatni og rafmagni er skertur reglulega og án fyrirvara.

### Hörmulegar aðstæður almennings

Eins og nærri má geta, er allt daglegt líf, þmt efnahags- og atvinnulíf í Palestínu gegnumsyrt af hernáminu og þeirri kúgun sem þjóðin er beitt. Besta ræktarlandið hefur verið tekið af Palestínუმönnum, aðgangur að vatni og rafmagni er takmarkaður og ferðafrelsi þeirra er mjög takmarkað. Hyggist þeir stunda framleiðslu af einhverju tagi er bæði erfitt að útvega nauðsynlegt hráefni og að koma vörum á markað. Palestínუმenn eru mjög háðir erlendri efnahags- og þróunaraðstoð, en hún hefur minnkað í kjölfar efnahagskreppu á Vesturlöndum, auk þess Bandaríkjustjórn hefur tekið ákvörðun um að hætta stuðningi við Palestínუმenn að mestu.

Atvinnuleysi er gríðarlega mikið meðal Palestínუმanna, einkum hjá ungu fólki og atvinnuþátttaka kvenna er mjög lítil, eða innan við 20%. Samkvæmt upplýsingum er um 33% atvinnuleysi í landinu og um 60% á Gaza.

Um 150.000 Palestínუმenn starfa í Ísrael, langflestir í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Af þeim eru rúmur helmingur með atvinnuleysi.

Hinir starfa ólöglega og eru algerlega réttláusir. Þeir sem hafa atvinnuleysi, þurfa að greiða allt að tvo þriðju hluta launanna til miðlara, sem útvega leyfin. Starfsmennirnir eru algerlega háðir miðlurunum hvað það varðar að halda vinnu. Laun þeirra og allur aðbúnaður er mun lakari en heimamanna í Ísrael. Palestínუმenn sem fara til vinnu í Ísrael, geta búið við því að vera 6-8 stundir á leiðinni, einkum vegna þrengsla og biðar á landamærastöðvum.



# Fólkið á sér varla nokkurt einkalíf

- Heimsókn í flóttamannabúðir Sameinuðu þjóðanna

Inngangurinn að stjórnstöð flóttamannabúðanna



Hópurinn átti þess kost að heimsækja Balata flóttamannabúðirnar í Nablus. Þær voru settar á stofn árið 1950 og áttu að vera tímabundið athvarf fyrir um 5.000 manns. Í dag eru þetta stærstu búðirnar á Vesturbakkanum, með um 27.000 íbúa. Svæðið sem búðirnar eru á, er um fjórðungur úr ferkílómetra. Þrængslin eru slík, að fólk á sér tæpast nokkurt einkalíf.

Ísraelskar öryggissveitir heimsækja búðirnar reglulega, án fyrirvara og oftast á nóttunni, eyðileggja heimili og handtaka fólk, undir því

yfirsyni að það sé að undirbúa hryðjuverk. Þetta gerir það að verkum að íbúarnir, einkum börnin, búa við stöðugan ótta, en um 60% íbúanna eru yngri en 25 ára.

Í alþjóðlegum samþykktum er kveðið á um að hernámsríki skuli bera kostnað af aðstöðu fyrir flóttamenn og þá sem missa heimili sín vegna hernámsins. Þetta virða Ísraelsmenn að vettugi, líkt og margar aðrar alþjóðlegar samþykktir. Rekstur búðanna er því fjármagnaður af Sameinuðu þjóðunum, sem eru þar með á fimmta hundrað starfsmenn.

## Hundrað þúsunda í flóttamannabúðum

Alls eru 58 flóttamannabúðir Palestínumanna í Líbanon, Sírlandi, Jórdaníu á Gaza og Vesturbakkanum. Upphaflega var um að ræða tjaldbúðir, reistar vegna átakanna 1948. Vandinn er enn óleystur, 70 árum síðar.

Á Vesturbakkanum einum eru 19 búðir flóttafólks. Þar hafast við um 200.000 manns. Síðan eru 8 búðir á Gazasvæðinu.



Það er ekki mikið plássíð á milli húsanna



## Skýr skilaboð heimamanna

- Áhersla á friðsamlega baráttu og sniðgöngu á vörum frá Ísrael voru rauði þráðurinn í málflutningi heimamanna



Mahmoud Ziadeh, formaður óháða verkalýðssambandsins, ásamt Drifur Snædal, forseta ASÍ

Hópurinn hitti allmarga fulltrúa ólíkra aðila og hópa í Palestínu. Þar má nefna fulltrúa samtaka launafólks, rannsóknastofnana, almennasamtaka, heilbrigðisþjónustu og embættismanna úr atvinnumálaráðuneyti Palestínu. Útgangspunktur íslenska hópsins í viðræðum við þessa aðila voru að fá fram mat þeirra á stöðunni í Palestínu og lýsingu á þeirri starfsemi sem þeir standa fyrir. Síðast en ekki síst báðum við viðmælendur að segja okkur með hvaða hætti þeir teldu að íslensk verkalýðshreyfing gæti stutt Palestínumenn í baráttu þeirra fyrir friði, réttlæti og mannsæmandi lífi.



Mustafa Barghouti læknir fór yfir þróun og horfur

### Frjálsa verkalýðshreyfingin

Fulltrúar samtaka sem nefna sig „óháðu verkalýðshreyfinguna“ (General Federation of Independent Unions - Palestine) lögðu ríka áherslu á löggjöf sem tryggði rétt launafólks til að skipuleggja sig í stéttarfélag, fyrir jafnrétti kynjanna og gegn barnþrælkun. Jafnframt lögðu fulltrúarnir áherslu á löggjöf um almannatryggingar sem tryggi öllum viðundandi framfærslu. Þau kölluðu eftir samstöðu alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar með sniðgöngu gagnvart vörum sem framleiddar eru á ísraelsku yfirráðasvæði og bentu á það hlutverk sem alþjóðleg verkalýðshreyfing hefði

leikið í að brjóta niður aðskilnaðarstefnuna í Suður Afríku.

### Palestinian National Initiative

Mustafa Barghouti er framkvæmdastjóri þessara samtaka, læknir að mennt og hefur verið virkur í stjórnámum um langt skeið. Barghouti, líkt og aðrir viðmælendur okkar, lagði ríka áherslu á friðsamlega baráttu. Í máli hans kom fram, að stefna og aðgerðir Ísraelsstjórnar yrðu sífellt líkari aðferðum hvíta minnihlutans í Suður Afríku á sínum tíma og lagði áherslu á, að samstaða alþjóðasamfélagsins og sniðganga hefði átt stóran þátt í að leggja það kerfi að velli.

### Heimsókn í Atvinnumálaráðuneytið

Í ráðuneytinu fékk hópurinn greinargóða lýsingu á stöðu atvinnmála í Palestínu, atvinnuþátttöku og atvinnuleysi. Palestínumönnum séu flestar bjargir bannaðar í atvinnumálum, þeir búi við kúgun og skort á mannréttindum, lök kjör og það sé há slysatíðni meðal palestínskra verkamanna sem starfi í Ísrael. Í máli þeirra kom jafnframt fram, að ísraelsku verkalýðssamtökin Histadrut taki í raun þátt í kúguninni á Palestínumönnum. Þeir innheimti félagsgjöld af þeim Palestínumönnum sem starfi í Ísrael og eigi að gæta hagsmuna þeirra. Það geri þeir



Shaher Saed, framkvæmdastjóri palestínska alþýðusambandsins, með sýnishorn af atvinnuleyfi, sem hægt er að kaupa dýrum dómum af bröskurum

og aðrir. Þeir lögðu megináherslu á að íslensk verkalýðshreyfing styddi almennt við frelsis- og sjálfstæðisbaráttu Palestínu, meðal annars með því að styðja sniðgönguhreyfinguna. Jafnframt bentu þeir á mikilvægi þess að barist yrði gegn miðlarastarfseminni, þar sem miðlarar tækju stórfé af verkamönnum fyrir að útvega þeim starfsleyfi í Ísrael.

### Medical Relief Society í Nablus

Á fundi með Ghassan Hamdan, lækni, sem fer fyrir frjálsum félagasamtökum sem sinna heilbrigðisþjónustu í Nablus og nágrenni (Palestinian Medical Relief Society in Nablus) kom m.a. fram að dregið hafi mjög úr stuðningi alþjóðasamfélagsins við starfsemina. Það hafi komið mikið niður á gæðum þjónustunnar og möguleikum á að veita hana. T.d. ráði samtökin ekki lengur yfir nothæfum sjúkraflutningatækjum, vegna peningaleysis.

### Samstarfsvettvangur grasrótarfélaga

Samstarfsvettvangur 45 félagasamtaka, kvenna, neytendasamtaka og ýmissa annarra grasrótar samtaka í Nablus var stofnaður 2017. Meðal samtaka sem sendu fulltrúa á fundinn voru Arab Women Union, sem reka sjúkrahús, matreiðsluskóla, leikskóla og fleira í Nablus. Auk þeirra samtök kvenna sem skipuleggja konur í listum og vinna að réttindamálum þeirra og ýmis önnur mannréttinda- og menningarsamtök. Í máli fulltrúa samtakanna kom fram mikill stuðningur við sniðgöngu á ísraelskum varningi, auk stuðnings við tveggja ríkja lausnina.

# Ástandið er verra en ég bjóst við

- segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar um aðstæður Palestínumanna

Mannlífið í Palestínu og Ísrael er fjölskrúðugt



Kolbeinn Gunnarsson, var annar tveggja fulltrúa frá Hlíf í þessari ferð. Hann segist hafa fylgst með fréttum af Palestínu og Ísrael frá því að hann muni eftir sér. „Það hafa verið fréttir af stríði og átökum í langan tíma og aðilar kenna hvor öðrum um á báða bóga. Ég held almennt að fólk í okkar heimshluta geri sér ekki grein fyrir ástandinu eins og það er í raun.“ Þess vegna hafi þessi ferð verið skipulögð og þess vegna hafi félagið tekið þátt í henni.

„Ég upplifði þetta þannig, þegar við kynntumst hlutum af eigin raun, að þarna hafi verið gífurleg átök í langan tíma. Ísraelsmenn stunda yfirtökustefnu sem miðar að því að útrýma byggð Palestínumanna. Þarna eru landtökubyggðir um allt og búið að einangra Palestínumenn innan múra og búið að taka af þeim réttindi til að fara á milli staða og afnema ferðafrelsi“, segir Kolbeinn.

Hann segir að sú mynd sem hann hafi af stöðu mála á svæðinu sé skýrari en áður. „Ég gerði mér



Hluti hópsins fór að skoða Grátmúrinn í Jerúsalem. Til að fá leyfi til að fara inn á svæðið þurftu gestir að setja upp sérstakt höfuðfat

ekki grein fyrir því að ástandið væri svona slæmt, það er eitthvað sem maður áttar sig ekki á nema fara á staðinn.“ Hann segir að þegar möguleikinn á þátttöku í ferðinni hafi komið upp, hafi hann verið með þeim fyrstu sem skráðu sig. „Mér fannst það skipta svo miklu máli að fulltrúar íslenskrar verkalyðshreyfingar kynntust aðstæðum af eigin raun.“

## Rauði þráðurinn í máli Palestínumanna

Aðspurður um hvort honum hafi þótt mega finna rauðan þráð í viðbrögðum og afstöðu þeirra Palestínumanna sem hópurinn hitti í ferðinni, svarar Kolbeinn því strax játandi. „Við hittum fjöldann allan af fulltrúum verkalyðssamtaka og alþýðusamtaka og allir voru sammála um að vilja frið og vilja ná honum með friðsamlegum aðgerðum – ekki með átökum.“

Kolbeinn segir að það sé þrengt mjög að allri efnahagslegri starfsemi Palestínumanna. Það sé ekki verið að reisa neinar verksmiðjur og öll framleiðsla sé erfið. Þeir nái hvorki í hráefni né komi vörum á markað. „Ísraelsmenn geta farið með allar sínar vörur og framleiðslu inn í Palestínu til að selja, en Palestínumenn fá ekki heimild til að fara með sínar vörur inn á svæði Ísraelsmanna, nema eftir strangt og erfitt ferli og langan tíma, ef það tekst þá á annað borð. Það er því verið að grafa undan efnahag Palestínumanna hægt og rólega. Mér kom líka á óvart það sem við heyrðum um atvinnuleyfin. Vissir menn fá að vinna í Ísrael, ef þeir borga milliliðum fyrir atvinnuleyfin.“ Svona

fyrirkomulag bjóði upp á brask og menn þurfi að greiða milliliðum margfalt fyrir þessi leyfi og stundum meirihlutann af því sem þeir nái að vinna sér inn. „Í Jerúsalem sáum við að Palestínumenn fá ekki að fara inn á viss svæði, nema til að vinna erfiðustu og óþrifalegustu störfin. Það er verið að kúga þessa þjóð.“

## Palestínumenn sjálfir styðja sniðgöngu

Þegar Kolbeinn er spurður hvað íslensk verkalyðshreyfing geti gert til að styðja við bakið á Palestínumönnum segir hann að við eigum að segja frá því sem við sáum, segja hvernig ástandið kom okkur fyrir sjónir. „Við eigum ekki draga neitt undan. Síðan getum við stutt þá með ýmsum hætti í afmörkuðum verkefnum. Við eigum að reyna að tryggja að Íslendingar kynnist aðstæðum Palestínumanna af eigin raun. Það er verið að gera það sama við Palestínumenn og gert var við gyðinga á stríðsárum. Síðan eru talsverð líkindi með framkomu Ísraelsmanna gagnvart Palestínumönnum og því sem heimurinn kynntist varðandi aðskilnaðarstefnuna í Suður Afríku á sínum tíma. Stjórnendur Ísrael eru harðlínumenn og það er ekki að sjá að þeir séu neitt að hvika frá sinni stefnu. Þvert á móti.“

Kolbeinn segir ýmsa þeirrar skoðunar að verkalyðshreyfingin eigi að beita sér fyrir sniðgöngu á vörum frá Ísrael. Hann segir að slíkar aðgerðir verði vafalítið ræddar á vettvangi Alþýðusambandsins í kjölfarið á þessari ferð. „Viðskiptabann virðist vera það eina sem virkar við svona aðstæður“, segir Kolbeinn að lokum.



## STARFSMENNTASJÓÐIR FYRIR FÉLAGSMENN HLÍFAR

Félagsmenn Hlífar hafa aðgang að þremur öflugum starfsmenntunarsjóðum sem er einkum ætlað að byggja upp og efla starfs- og símenntun félagsmanna. Þetta eru Starfsafli (fyrir félagsmenn á almennum vinnumarkaði), Flóamennt (fyrir starfsfólk sem starfar hjá ríki og á hjúkrunarheimilum) og að síðustu Námskeiðssjóður Verkalýðsfélagsins Hlífar. Hann er ætlaður starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar og Garðabæjar, auk starfsfólks hjá sjálfstætt starfandi skólum.

### Starfsafli – fyrir almennan markað

Markmið Starfsafils er að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun og leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf sem tengist málaflöknum. Þannig vill Starfsafli stuðla að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi, kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks og leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu. Einn þátturinn í þessu er fræðsluráðgjöf innan fyrirtækjanna sjálfra. Í upphafi gekk verkefnið undir heitinu „Nýliðfræðsla“ en hefur fest sig í sessi undanfarin ár undir nafninu „Fræðslustjóri að láni“.

Þegar félagsmaður ferðast erlendis í tengslum við starfstengt nám, námskeið eða ráðstefnu, getur hann sótt um ferðastyrk.

- Styrkurinn er eingöngu vegna flugs (ekki rútu, leigubíla eða annars).
- Hámarksferðakostnaður er kr. 40.000,- á ári en að hámarki 50% af reikningi.
- Með umsókn þarf að fylgja með staðfesting á námi, námskeið eða ráðstefnu, sem sótt er og greitt er fyrir af félagsmanni.
- Ferðakostnaður telst til einstaklingsstyrks

og fellur undir reglur þar um.Í því felst að hámarksgreiðsla á ári er kr. 100.000,- fyrir starfstengt nám, námskeið eða ráðstefnu og kostnað vegna ferðar samantlagt.

Að öðru leyti gilda reglur um einstaklingsstyrki og skil á gögnum.

### Flóamennt

Flóamennt er fyrir starfsfólk sem starfar hjá ríki og á hjúkrunarheimilum og eru Efling og VSFK einnig aðilar að honum. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla starfs- og símenntun starfsmanna auk þess að auka möguleika stofnana á að þróa starfssvið sitt. Þeir félagsmenn Hlífar sem starfa hjá ríki og á dvalar- og hjúkrunarheimilum eins og Sólvangi og Hrafnistu geta sótt um styrki til sjóðsins.

Veittir eru styrkir til náms og kynnisferða að hámarki 30.000 kr. fyrst eftir þriggja ára samfellda félagsaðild, síðan á þriggja ára fresti.

### Námskeiðssjóður Verkalýðsfélagsins Hlífar

Félagsmenn sem starfa hjá Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ, auk starfsfólks sjálfstætt starfandi skóla, geta sótt um styrki til Námskeiðssjóðsins. Hann er eign Hlífar og er honum ætlað að styrkja félagsmenn sem sækja sér menntun á almennum fræðslumarkaði og starfa hjá sveitarfélögum eða stofnunum sem styrktar eru af þeim og eru á félagssvæði Hlífar sem samkvæmt lögum félagsins eru Hafnarfjörður og Garðabær.

Náms- og kynnisferðir erlendis eru veittir á 3 ára fresti er 100.000,- þó ekki meira en nemur

kostnaði. Félagismaður sem greitt hefur verið í 1 ár fær 50.000.

Styrkir til félagsmanna sem fara í ferðir innanlands, skipulagðir af viðkomandi stofnun eru veittir á 2 ára fresti. Styrkurinn er að hámarki 40.000.-

### Breytingar hjá Starfsafli og Flóamennt

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á reglum hjá Starfsafli og Flóamennt á síðasta ári, sumar þeirra til allmikilla hagsbóta fyrir félagsmenn. Árleg styrkupp hæð er 100.000 krónur. Miðað er við að greidd séu allt að 75% af kostnaði.

Svokallaður þriggja ára styrkur er 300.000 krónur. Það þýðir að ef félagsmaður hefur ekki sótt um styrk síðustu þrjú ár á hann rétt á styrk allt að kr. 300.000 fyrir eitt samfelt námskeið/nám.

Tómstundastyrkir og lífsleiknistrykir eru kr. 30.000

Hjá báðum sjóðum er gert ráð fyrir því að einstaklingur skili inn reikningi vegna náms/ námskeiðs innan þriggja mánaða eftir að greiðsla fer fram.

Hjá Flóamennt sækir einstaklingur um alla styrkfjárhæð vegna náms- og kynnisferðastyrkja.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um úthlutunarreglur, umsóknareyðublöð og annað varðandi sjóðina er að finna á heimasíðu Hlífar, [www.hlif.is](http://www.hlif.is) undir fræðsla. Sótt er um styrki til allra þriggja sjóðanna á skrifstofu Verkalýðsfélagsins Hlífar.





## Tuttugu ár frá sameiningu Hlífar og Framtíðarinnar

Afmælisrit Hlífar og Framtíðarinnar, annað frá 2007 og hitt frá 60 ára afmæli Framtíðarinnar 1985.

# 20 Ár

Á þessu ári eru liðin tuttugu ár frá því að Verkakvennafélagið Framtíðin og Verkamannafélagið Hlíf sameinuðust undir nafninu Verkalýðsfélagið Hlíf.

Það er þó ekki þar með sagt að karlar og konur hafi starfað í sitthvorum félagsskapnum allt fram til þess, því áður en Verkakvennafélagið Framtíðin var stofnað, þann 3. desember 1925,

„Var skvaldur mikið, eins og oft vill verða, er margar konur eru saman komnar til kaffidrykkju, því það er eins og kaffið heilli gleði fram í sál og sinni hjá hinum þreyttu verkakönnum, er þær koma saman eina kvöldstund til að gleyma áhyggjum lífsins við kaffidrykkju og dans.“

*Úr fundargerð Framtíðarinnar frá 1936*

voru hafnfirskar verkakonur í Hlíf og nokkrar konur áttu sæti í stjórn Hlífar fram að stofnun Framtíðarinnar.

### Samtvinnuð saga hafnfirskrar alþýðu – kvenna og karla

Saga Verkalýðsfélagsins Hlífar er því saga beggja þessara félaga – og um leið saga

hafnfirskis verkafólks. Á næstunni er fyrirhugað að gera sögu beggja nokkur skil, með því m.a. að birta brot úr rituðum heimildum á vefnum. Þar verður stuðst við klippur úr tímaritum, blöðum, fundargerðum og öðru því sem snertir þessa merkilegu sögu.


# Þar var fólksins trausta HLÍF!

Mikill fengur fyrir félagið og komandi kynslóðir



Fyrir skemmstu kom góður gestur, Ingvar Viktorsson, fyrrum kennari og bæjarstjóri í heimsókn á skrifstofu Hlífar.

Tílefni heimsóknarinnar, auk þess að heilsa upp á vini og í einhverjum tilvikum gamla nemendur, var að færa félaginu hátíðarútgáfu *Alþýðublaðsins* frá 1937. Um er að ræða 8 síðna blað í dagblaðsbroti, sem var gefið út í tílefni af 30 ára afmæli Verkamannafélagsins Hlíf. Fáum núlifandi mun hafa verið kunnugt um tilvist þessarar útgáfu, en þar er að finna greinar og viðtöl við ýmsa forystumenn, en mestur fengur er vafalaust að kvæðinu sem Jóhannes úr Kötlum orti til félagsins í tílefni af 30 ára afmælinu. Kvæðið fer hér á eftir, en fyrsta erindið þrýðir forsiðu Hjálms.



I  
Hér er vígið! Við oss talar  
viðkvæm reynsla um liðna tíð:  
Gegnum þrautir grárrar malar,  
gegnum þrjátíu ára stríð,  
félag vort var brautarbending,  
benti á nýtt og fyllra líf.  
Þar var ætíð þrautar lending.  
Þar var fólksins trausta HLÍF.

II  
Hversu brjóstið var sveitt, hversu bakið var þreytt,  
og hið bugandi strit allri lífsgleði sneytt.  
Allt sem dýpst hafði seitt, það var svívirt og meitt  
og hið sannasta og bezta í hjörtunum deytt.

Það var auðvaldið feitt, sínu óhófi skreytt,  
sem hvern einstakan króaði og geð hans fékk bleytt.  
Engum óskum var skeytt, aðeins skætingi hreytt,  
- inn að skyrtnuni í laumi var stétt okkar reitt.  
Loks var okkur svo heitt, að til áhlaups var þeytt:  
Merkið upp! Þessi tvístringur stoðar ei neitt!  
Þá var sviðinu breytt – sterkum samtökum beitt.  
Þa var svarist til dauðans í bræðralag eitt.

Svo var orkunnar neytt. – Oft um nöf hefur freytt,  
marga nýjung til sigurs við höfum þó leitt,  
höfum hugina spreytt, höfum hnefana steitt,  
höfum hamingjuskeiðinni áleiðis fleytt.

En þó margt sé nú breytt og úr mörgu sé greitt,  
allt það mesta þó bíður – og enn er oss heitt:  
Enn skal samtökum beitt, unz það vald er oss veitt,  
sem er verklýðsins mark. Allir eitt! Allir eitt!

Jóhannes úr Kötlum



# Orlofshús og orlofsíbúðir Hlífar

Orlofshús félagsins njóta stöðugra og vaxandi vinsælda. Nú er svo komið, að það er nánast full nýting allt árið. Það hefur færst mjög í aukana að félagsmenn fari í húsin um helgar að vetri til og nái sér þannig í stutt vetrarorlof til að hlaða batteriin. Ásóknin hefur verið slík, að oft hefur þurft að vísa áhugasömum félagsmönnum frá. Þess vegna skiptir öllu máli að panta tímanlega.



## Tíu orlofshús víða um land

Félagið á alls tíu orlofshús. Tvö eru í Vaðnesi í Grímsnesi, tvö í Ölfusborgum við Hveragerði, eitt í Húsafelli og tvö í Stykkishólmi. Félagið hefur undanfarin ár verið með tvö hús í Kolási í Munaðarnesi í Borgarfirði – en bætti nýlega því þriðja við, sem verður tilbúið til útleigu innan tíðar. Sagt er sérstaklega frá nýja húsinu hér í blaðinu. Heitir pottar eru við öll húsin og einnig gasgrill.

## Orlofsíbúðir sem geta hentað námsmönnum

Orlofsíbúðir Hlífar eru staðsettar að Furulundi á Akureyri og eru tvær þeirra leigðar námsfólki yfir veturinn. Rétt er að benda félagsmönnum á þennan möguleika ef þeir eða börn þeirra hyggja á nám norðan heiða.

## Verð og skilmálar

Leiguverð á orlofshúsi er 25.000 krónur frá föstudegi til föstudags en helgarleiga frá föstudegi til sunnudags er 17.000 krónur. Sérstök afsláttarkjör eru veitt fyrir eldri borgara og öryrkja í miðri viku að vetri til. Dýrahald er bannað í öllum húsum félagsins. Húsunum ber að skila vel ræstum og hreinum að dvöl lokinni.



## Ölfusborgir

### Hús númer 17 og 35

Í hvoru húsi er svefnaðstaða fyrir 6 manns og sængur og koddar fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt, en bent skal á að hægt er að fá leigð rúmföt í þjónustumiðstöð.

Í húsunum er sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 8 manns, örbylgjuofn og eldavél. Barnarúm og barnastóll eru í húsunum og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill er við húsin og heitur pottur.

Húsin hafa nýlega verið stækkuð með garðskála sem er góð viðbót.

Stutt er í sund og verslanir í Hveragerði og á Selfossi.

Afhending lykla er í þjónustumiðstöð Ölfusborgar föstudaga frá 15:00 - 20:30.

Sími 483 4260.

Yfirgefa þarf húsin á brottfarardegi eigi síðar en kl. 12:00.



## Vaðnes

### Kjarrbraut 8 og 10

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í hvoru húsi og sængur og koddar fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt.

Í húsunum er sjónvarp, dvd-spilari, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn og eldavél. Barnarúm og barnastóll eru í húsunum og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill er við húsin og heitur pottur.

Afhending lykla er á skrifstofu Vlf. Hlífar.

Hús númer 8 er með aðgengi fyrir hjólastóla.





## Húsafell

### Stórarjóður 8

Í húsinu er svefnaðstaða er fyrir 7 manns og sængur og koddar fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt.

Ýmislegt er til afþreyingar í húsinu, svo sem sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara og bækur og spil. Þar er borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn og eldavel, auk barnarúms og barnastóls. Við húsið er gasgrill og heitur pottur.

Í Húsafelli er stutt í sundlaug með heitum pottum, þar er minigolfvöllur með 9 holum, veiðileyfi og verslun. Greiða þarf sérstaklega fyrir þessa þjónustu.

Afhending lykla er á skrifstofu Hlífar og þangað er þeim skilað að dvöl lokinni.



## Stykkishólmur

### Borgarhlíð 2 og 4

Í hvoru húsi er svefnaðstaða fyrir 7 manns í tveimur herbergjum.

Sængur og koddar eru fyrir 7 manns. Gestum ber að koma með rúmföt utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er sjónvarp, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12, örbylgjuofn o.fl.

Barnarúm og barnastóll eru í húsinu. Bækur og spil til afþreyingar.

Heitur pottur er við húsið og gasgrill.

Afhending lykla er á skrifstofu Hlífar og þangað ber að skila þeim að dvöl lokinni.



## Akureyri

### Furulundur 10N, 10R og 8C

3ja herb. íbúð með svefnaðstöðu fyrir fjóra, ásamt sængum og koddum fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt en bent er á að hægt er að fá rúmföt leigð hjá Securitas. Íbúðin nr. 8C er á annarri hæð með þvottavél í baðherbergi. Íbúðirnar nr. 10R og 10N eru á jarðhæð með verönd og hægt er að ganga beint út í garð. Þvottavél er í sameign. Barnarúm er í öllum íbúðunum, geymd í geymslu eða í íbúðunum, auk þess eru ferðarúm í hverri íbúð. Í íbúðunum er sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, eldavel og örbylgjuofn. Gasgrill er í geymslu. Umsjón með íbúðunum hefur Securitas-Akureyri ehf. Tryggvabraut 10. Sími 460 6261. Lyklar eru afhentir þar.

# Framtíðarsvæðið í Munaðarnesi

Félagið hefur um nokkurt skeið verið með tvö hús í Munaðarnesi, en festi nýlega kaup á þriðja húsinu og fjögurra hektara landi, þar sem hægt er að byggja amk tvö hús til viðbótar á lóðum nr. 14 og 15. Nýja húsið er Kolás 13.



Skömmu eftir að gengið var frá kaupunum, fóru stjórn og starfsfólk, ásamt mökum, til að skoða húsið og möguleikana á frekari uppbyggingu á svæðinu.

Nýja húsið er reisulegt, eins og sjá má á myndinni. Hún er tekin áður en húsið var málað í Hlífarlitnum.

# Kærkomin viðbót á svæðinu



„Ég sé fyrir mér að hér séum við að leggja drög að framtíðarsvæði félagsins“, segir formaður Hlífar, Kolbeinn Gunnarsson. „Við erum ekki bara að bæta við okkur einu húsi, heldur talsvert miklu landi til viðbótar, landi sem rúmar að minnsta kosti tvo hús. Síðan vill svo vel til, að þetta liggur að því landi sem eldri húsin okkar standa á. Þetta fellur því vel inn í framtíðarsýnina á svæðinu.“

Kolbeinn segist sjá þetta svæði fyrir sér sem kjarna fyrir Verkalýðsfélagið Hlíf. Ef komin verða 4-5 hús á svæðinu, þá verði öll þjónusta og viðhald mun auðveldari og skilvirkari, auk þess sem allt eftirlit verði einfaldara. Þannig verði hægt að draga úr kostnaði við að reka hvert hús.

„Munaðarnes er mjög miðsvæðis. Það er stutt að fara þangað héðan úr Hafnarfirði og Garðabæ og frá Munaðarnesi er stutt að fara t.d. á Snæfellsnesið, um Borgarfjörðinn allan, t.d. Húsafell og Reykholt og svo er ekki langt að fara norður yfir Holtavörðuheidi og norður í land. Ég geri ráð fyrir því að þetta verði mjög vinsælt.“

Nýja húsið er stórt, stærra en við eigum að venjast með orlofshús. Það er með stórum uppsteyptum kjallara, um það bil 80 fermetra. „Ég sé fyrir mér að við getum nýtt hann sem birgðageymslu fyrir öll húsin og þarna verði hægt að geyma efni og verkfæri fyrir þá aðila sem sjá um viðhald á húsum félagsins á svæðinu. Þá þarf

ekki alltaf að vera að flytja efni og annað fram og til baka,“ segir Kolbeinn.

Húsið sjálft, þ.e. sá hluti sem verður leigður út, er á tveimur hæðum, um 140 fermetra, með rúmstæði fyrir 10-12 manns og talsvert fleiri á dýnum á gólfi, sérstaklega á efri hæðinni. „Þetta hús kemur því til með að henta vel fyrir stórfjölskyldur að koma saman. Síðan er meiningin að horfa til þess að gera sameiginlegt leiksvæði fyrir öll húsin, eða að ná samkomulagi við þá aðila sem eru með byggðina fyrir neðan, en þar er stórt og mikið leiksvæði fyrir börn sem gæti verið gott fyrir okkar gesti að hafa aðgang að“, segir Kolbeinn að lokum.



## Kolás 12

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í þremur herbergjum. Einnig er svefnloft yfir hálfu húsinu, þar sem þó nokkrir geta sofði.

Sængur og koddar eru fyrir 7 manns. Gestum ber að koma með rúmföt.

Í húsinu er sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél og ísskápur. Jafnframt eru í húsinu barnarúm og barnastóll og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill.

Lykill er afhentur á skrifstofu Hlífar og þangað ber að skila honum að dvöl lokinni.



## Kolás 12 A


Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í þremur herbergjum. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Gestum ber að koma með rúmföt. Í húsinu er sjónvarp, geislaspilari og DVD-spilari, borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn og eldavél. Einnig eru barnarúm og barnastóll í húsinu og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill. Lyklar eru afhentir á skrifstofu Hlífar og þangað er þeim skilað að dvöl lokinni.



## Kolás 13

Í húsinu er svefnaðstaða fyrir 10-12 manns í fimm svefnherbergjum, auk þess sem hægt er að bæta við dýnum á golf. Húsið er vel útbúið, með sjónvarpi, DVD-spilara og öllum tækjum og tólum sem fólk vill hafa í orlofshúsi. Þar er heitur pottur og gasgrill.

Fyrirkomulag leigu verður með sama hætti og í öðrum húsum, svo og afhending lykla. Leiguverð hefur ekki verið ákveðið, en gera má ráð fyrir að það verði eilítið hærra en í öðrum húsum félagsins.



# Skilaboðin í launaumslaginu

Drífa Snædal, forseti ASÍ skrifar

*Þessar konur fengu líklega skýr skilaboð í launaumslaginu sínu*

Ofbeldi þrífst þegar ekki ríkir valdajafnvægi og einn einstaklingur hefur möguleika á að drottna yfir öðrum í krafti kyns, aldurs, stöðu eða annars. Á vinnumarkaði er þetta valdajafnvægi alltaf viðkvæmt. Launafólk á allt sitt undir því að hafa vinnu og fá greitt fyrir vinnuframlag sitt. Stéttarfélag voru einmitt stofnuð til höfuðs valdi atvinnurekenda yfir launafólki og það má segja að starfsemin gangi út á það enn í dag að jafna völdin. Þau sem hafa stéttarfélag að baki sér standa ekki ein/n gegn valdinu og við getum ímyndað okkur samningsstöðuna ef hver og einn ætti að semja um kaup og kjör í stað þess að stéttarfélag geri kjarasamninga. Kúgun á vinnumarkaði birtist með ýmsum hætti og ég minnst þess þegar konur í hreyfingunni komu saman í miðri #metoo bylgju. Margar höfðu upplifað áreitni á vinnustað en það sem mörgum þótti sárast var þegar gengið var fram hjá þeim við mikilvægar ákvarðanir er vörðuðu stöðu viðkomandi, laun o.fl. Niðurlægingin sem í því fólst var hvað sárust.

Þær konur sem búa við mestu kúgunina í launum eru oft þær sem sæta mestu ofbeldi á vinnustað. Frásagnir kvenna af erlendum uppruna eru til vitnis um það og einnig sú staðreynd að nafnlausar treystu konur sér fyrst til að segja frá. Með því að ljá þeim konum rödd sem ekki treystu sér til að koma fram undir nafni, var hægt að opinbera þeirra bitru reynslu á vinnumarkaði. Það segir töluvert um í hvaða stöðu viðkvæmir hópar á vinnumarkaði eru og hver hættan er þegar fólk vogar sér að standa á rétti sínum.

Að fá þau skilaboð í launaumslaginu að þú sért lítils virði er líka skilaboð um að það sé í lagi að gera lítið úr þér. Þú ert undirþylla. Í þeirri stöðu er fólk síður líklegt til að kæra eða segja frá, ég tala ekki um ef það hefur ekki vald á tungumáli vinnustaðarins. Þeim sem finnst í lagi að undiroka aðra í launum eru líklegri til að sýna virðingaleysi á öðrum sviðum. Karlkyns yfirmaður sem finnst að konur eigi að fá minna í launaumslagið en karlar er ekki líklegur til að bera virðingu fyrir konum og þeirra framlagi á vinnustaðnum og í samfélaginu.

Misrétti í launum og ofbeldi á vinnustað er þannig nátengt. Barátta kvenna fyrir jafnrétti í launum er barátta þeirra fyrir virðingu og frelsi frá hvers konar ofbeldi. Stéttarfélag hafa þá skýru ábyrgð að berjast fyrir bættum kjörum og góðum starfsskilyrðum en það er ekki fyrr en á síðari árum að frelsi frá áreitni og ofbeldi er orðið vinnuverndarmál. Ný samþykkt Alþjóða vinnuálastofnunarinnar gegn ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar boðar vatnaskil í baráttunni og nú biðum við þess að samþykktin verði fullgild hér á landi.



*Drífa Snædal, forseti ASÍ*

**STARFSAFL GREIDDI UM**

**250**

**MILLJÓNIR**  
**Í STYRKI Á SÍÐASTA ÁRI**

---

---

**SVALAÐU FRÓÐLEIKSPORSTANUM !**

---

---

**STARFSAFL ER ÖFLUGUR BAKHJARL  
ÞEGAR KEMUR AÐ FRÆÐSLU STARFSFÓLKS**

starfs**afl**



# Afkastamikið þing Starfsgreinasambandsins

Sjöunda þing Starfsgreinasambands Íslands var haldið dagana 24. og 25. október.

Þingfulltrúar stilltu sér upp til myndatöku til að styðja við baráttu starfsfólks á hótélum og gistihúsum í heiminum

Þingið fjallaði um fjölmörg mál sem eru ofarlega á baugi í hreyfingunni, svosem kjaramál í víðum skilningi, baráttuna gegn launaþjófnaði, húsnæðismál, vaxtamál og heilbrigðismál. Hlíf átti sex fulltrúa á þinginu. Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar var kjörinn til áframhaldandi setu í framkvæmdastjórn sambandsins.

Á þinginu var forysta sambandsins kjörin til næstu tveggja ára. Björn Snæbjörnsson var endurkjörinn formaður SGS og Sólveig Anna Jónsdóttir var kjörin varaformaður. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir sem verið hefur varaformaður gaf ekki kost á sér áfram, en hún situr áfram í framkvæmdastjórn sambandsins. Aðalmenn í framkvæmdastjórn SGS eru: Finnbogi Sveinbjörnsson frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, Aðalsteinn Á. Baldursson frá Framsýn stéttarfélagi, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir frá AFLi starfsgreinafélagi, Halldóra S. Sveinsdóttir frá Bárunni stéttarfélagi, Kolbeinn Gunnarsson frá Verkalýðsfélaginu Hlíf, Guðbjörg Kristmundsdóttir frá VFSK og Ragnar Ólason frá Eflingu stéttarfélagi. Varamenn voru kjörin: Guðrún Elín Pálsdóttir frá Verkalýðsfélagi Suðurlands, Þórarinn Sverrisson frá Öldunni stéttarfélagi, Guðný Óskarsdóttir Drífanda stéttarfélagi, Hrund Karlsdóttir Vlf. Bolungarvíkur og Hörður Guðbrandsson frá Verkalýðsfélagi Grindavíkur.

## Ályktanir um atvinnuhorfur og brotastarfsemi

Í ályktun um versnandi atvinnuhorfur er bent á aukinn fjölda atvinnulausra og spár um samdrátt í landsframleiðslu. Þar segir m.a.: „Afar mikilvægt er að ríkisvaldið auki þjóðhagslega hagkvæmar framkvæmdir. Því er það krafa 7. þings SGS að stjórnvöld fari í stórtækka innviðauppyggingu, meðal annars í samgöngumálum, til að vinna gegn atvinnuleysi.“



Svavar Knútur hitaði upp með tónlist og svipbrigðum áður en þingið var sett formlega

Þingið fjallaði um brotastarfsemi á vinnumarkaði og launaþjófnað, sem samkvæmt rannsóknum bitnar ekki síst á ungu fólki og útflendingum. „Slik brotastarfsemi er alvarleg meinsemd á íslenskum vinnumarkaði og verður að uppræta með öllu“, segir m.a. í ályktuninni. „Sá árangur sem náðst hefur dugar þó hvergi nærri til. Það er ekki nóg að verkalýðshreyfingin berjist gegn launaþjófnaði heldur verður samfélagið allt að taka við sér. Það er krafa 7. Sambandsþings SGS að ríkisvaldið taki á þessum málum og setji skýr viðurlög sem

gera launaþjófnað í landinu refsiverðan og geri launafólki, sem hefur verið brotið á, færi á að kæra atvinnurekendur til dómstóla... Það er einnig krafa þingsins til fyrirtækja og samfélagsins alls, að brotastarfsemi á vinnumarkaði og misnotkun á ungu og erlendu launafólki verði upprætt.“

## Pólitískt skemmdarverk

Í ályktun um húsnæðismál segir, að verkamannabústaðakerfið hafi verið eyðilagt með pólitísku skemmdarverki og með því hafi stór hópur fólks um allt land verið sviptur húsnæðisöryggi. „Eftir hrun misstu þúsundir landsmanna heimili sín en í stað þess að stjórnvöld tækju að sér að gæta hagsmuna alþýðufólks var fjármagnseigendum gefið færi á að sölsa undir sig leigumarkaðinn með skelfilegum afleiðingum... Hvergi sést sú ömurlega stéttaskipting, sem hefur fengið að vaxa óhindrað á Íslandi, með skýrari hætti en þegar húsnæðismál eru skoðuð. Á meðan auðmenn nota húsnæðismarkaðinn til að græða hundruð milljóna þarf láglaunafólk að greiða allt að 80% ráðstöfunartekna sinna í leigu. Ástandið er óásættanlegt“, segir í ályktuninni.

## Skeytingarleysi gagnvart heilsu og öryggi

Í ítarlegri ályktun um heilbrigðismál kemur fram að á undanförunum árum hafi verið dregið úr heilbrigðisþjónustu, „af fullkomnu skeytingarleysi gagnvart heilsu og öryggi fólks.“ Þetta bitni ekki síst á fólki á landsbyggðinni. „Það er ömurleg staðreynd að margir Íslendingar búi við þetta mikla öryggi og þurfi auk þess að





Verkalýðsfélagið Hlíf átti sex fulltrúa á þinginu: Kolbein Gunnarsson, Sigríði Þorleifsdóttur, Lenu Sædís Kristinsdóttur, Gundegu Jaunlinina, Pamela Tinnu Forberg og Eypör Árnason.

neita sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sökum kostnaðar.

Í ályktuninni er fjallað um nauðsyn þess að efla forvarnir og geðheilbrigðisþjónustu. Það sé óásættanlegt að samfélagið horfi á eftir fólki vegna vanrækslu stjórnvalda. Í ályktuninni segir ennfremur: „Alþjóðlegur samanburður á fjármögnun heilbrigðisstofnana hefur ítrekað staðfest að rekstrargrunnur íslenskra heilbrigðisstofnana er of veikur. Enn er ósamið við þorra starfsfólks í heilbrigðisþjónustu. Ekki er gert ráð fyrir að þeirri útgjaldaaukningu sem samningunum fylgi verði mætt í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Langvarandi niðurskurður kemur niður á gæðum þjónustu – og öryggi sjúklinga... Það er óviðunandi og til minnkunar fyrir stjórnámamenn að fjármagna eigi eðlilegar kjarabætur með niðurskurði á þjónustu og auknu álagi á starfsfólk. Starfsgreinasambandið mun aldrei samþykka að aðhaldsaðgerðum í heilbrigðiskerfinu verði mætt með þeim hætti. Heilbrigðisþjónusta þarf að vera skilvirk, gjaldfrjáls og hagkvæm auk þess sem tryggja verður öfluga nærþjónustu heilbrigðisstofnana í heimabyggð og gjaldfrjálsar tannlækningar.“ Að lokum krefst SGS þess að fram fari samráð um stefnumótun og framtíðarfyrirkomulag heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

## Fyrsta kvennafrídagsins minnst

Þann 24. október, fyrri dag þingsins, voru liðin 44 ár frá fyrsta kvennafrídegnum. Af því tilefni samþykkti þingið eftirfarandi ályktun:

„Starfsgreinasamband Íslands minnst þess að 44 ár eru liðin frá fyrsta kvennafrídegnum þann 24. október árið 1975. Þennan dag sameinuðust íslenskar konur um að leggja niður störf og lama þar með íslenskt atvinnulíf til að vekja athygli á ómetanlegu vinnuframlagi kvenna á íslenskum vinnumarkaði og inni á heimilum.

Því miður hefur þróunin í átt til kynjajafnréttis verið hæg frá því fundurinn var haldinn fyrir hátt í hálfri öld. Konur hafa áberandi minni völd í samfélaginu heldur en karlar og bera um fjórðungi minna úr bótum en karlar fyrir sömu störf.

Af öllum hópum í samfélaginu hallar mest á ófaglærðar verkakonur. Óhætt er að segja að þessar konur beri þyngstu byrðarnar í íslensku samfélagi. Margar hverjar vinna langan vinnudag ásamt því að bera meginábyrgð á umönnun sinna nánustu inni á heimilunum. Þessi hópur eru öðrum hópum líklegri til að verða fyrir áreitni og ýmis konar vanvirðandi hegðun á vinnumarkaði og er líklegastur af öllum hópum starfsmanna til að fara á örorku á miðjum aldri.

Starfsgreinasambandið stendur í harðri kjaradeilu við sveitarfélögin, Reykjavíkurborg og ríki. Þar undir eru fjölmennar kvennastéttir í umönnunarstörfum. Sambandinu blöskrar hvernig komið er fram við þessar konur og hversu takmarkalaus lítilsvirðingin í þeirra garð lýsir sér í viðræðunum.

Nú er nóg komið. Löngu er orðið tímabært að störf þessara kvenna séu metin að verðleikum. Samfélagið verður að taka höndum saman um að tryggja þeim fullnægjandi starfskjör og þar með virðingu í okkar ríka landi. Þar ætti að sjálfsögðu hið opinbera að ganga á undan með góðu fordæmi.

Starfsgreinasambandið skorar á hið opinbera að koma af heilum hug til samningaviðræðna um laun og vinnuáðstæður verkafólks í þeirra ranni. Að tryggja þeim hærri laun og styttri vinnuviku til að stuðla að mannsæmandi lífsviðurværi og kynjajafnrétti í samfélaginu.“



Björn Snæbjörnsson, formaður Einingarlöju á Akureyri, var endurkjörinn formaður Starfsgreinasambandsins.



## Er ekki kominn tími til að spara?

**Séreignarsparnaður er einn hagkvæmasti sparnaður sem völ er á.**

### **Þægindi**

- Launagreiðandi sér um að standa skil á sparnaðinum.
- Enginn upphafskostnaður.
- Heimilt að ráðstafa inn á höfuðstól húsnæðislána.
- Heimild til úttektar við kaup á fyrstu fasteign.

### **Erfðaréttur**

- Sparnaðurinn erfist að fullu til lögerfingja eftir reglum erfðalaga.

### **Skattahagræði**

- Iðgjald í séreignarsjóð er ekki skattlagt við innborgun í sjóð.
- Tekjuskattur er greiddur við útgreiðslu sparnaðarins.
- Enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum.

Tryggðu þér 2% mótframlag frá launagreiðanda á móti 2% til 4% eigin framlagi.



Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík • Sími 515 4700

[www.gildi.is](http://www.gildi.is) • [gildi@gildi.is](mailto:gildi@gildi.is)

# Breyttur opnunartími

Frá og með áramótum verða skrifstofur Gildis lífeyrissjóðs opnar á eftirtöldum tímum:

### **Mánudaga til fimmtudaga:**

09.00 til 16.00

### **Föstudaga:**

09.00 til 15.00



Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík • sími 5154700 • [www.gildi.is](http://www.gildi.is) • [gildi@gildi.is](mailto:gildi@gildi.is)

## Góð staða eftir fyrstu tíu mánuði ársins



**Hrein eign samtryggingardeildar Gildis-lífeyrissjóðs í lok október 2019 nam 634,4 milljörðum króna og hafði hækkað um ríflega 82 milljarða króna á árinu. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli Árna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Gildis, á fundi sjóðfélaga- og fulltrúaráðs sjóðsins sem haldinn var miðvikudaginn 20. nóvember síðastliðinn á Grand Hótel Reykjavík.**

Í kynningu Árna kom fram að nafnávöxtun sjóðsins á fyrstu tíu mánuðum ársins 2019 nam 15,5%. Hrein raunávöxtun, sem er nafnávöxtun að frádregnum kostnaði (þar með talið verðbólgu) nam 12,4%. Það þýðir að fjárfestingartekjur sjóðsins á umræddu tímabili nema ríflega 71 milljarði króna. Á sama tíma greiddi sjóðurinn tæplega 15 milljarða króna í lífeyri til sjóðfélaga, iðgjöld námu tæplega 26 milljörðum og rekstrarkostnaður um 800 milljónum. Sjóðurinn stendur því vel og er sterkur bakhjarl fyrir þá ríflega 234.000 sjóðfélaga sem eiga réttindi hjá Gildi.

### Hluthafastefna

Í erindi sínu vék Árni máli sínu að mikilvægi hluthafastefnu sjóðsins en áhersla er lögð á að framfylgja stefnunni með virkum hætti. Í því felst meðal annars að fundað er reglulega með stjórnarformönnum skráðra hlutafélaga á markaði auk þess sem sérfræðingar Gildis yfirfara starfsreglur stjórna hlutafélaga, starfskjarastefnur þeirra og o.s.frv. Sjóðurinn

beitir sér einnig beint ef ástæða þykir til, meðal annars í samskiptum við stjórnir félaga og með tillögugerð og málflutningi á aðal- og hluthafafundum. Nefndi Árni dæmi um VÍS og HB Granda í þessu sambandi, en sjóðurinn hefur selt sig niður í báðum félögum vegna óánægju með stjórnarhætti. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér betur hvernig sjóðurinn beitir sér er bent á að ítarlegar upplýsingar eru veittar á heimasíðu Gildis, meðal annars undir kaflanum „framkvæmd hluthafastefnu“.

### Bættar lífslíkur

Í lok erindis síns nefndi Árni mál sem fyrirsjáanlegt er að taka þurfi til umræðu og afgreiðslu á næstu misserum, en það eru

bættar lífslíkur íslensku þjóðarinnar. Í dag er því þannig farið að meðal ævilíkur íslenskra kvenna eru 83,7 ár og karla 80,6 ár. Árið 1970 gátu konur hins vegar vænst að lifa að meðaltali í 77,6 ár og karlar í 70,8 ár. Með öðrum orðum, meðal konan lifir í dag rúmlega 6 árum lengur en hún gerði árið 1970 og karlar lifa nú tæplega 10 árum lengur. Þar sem réttindi í lífeyrissjóðum eru meðal annars reiknuð út frá ævilengd hefur þetta áhrif á stöðu allra lífeyrissjóða, sem sjá nú fram á að greiða meðal sjóðfélaganum lífeyri nokkuð lengur en áður. Við þessu hefur ekki verið brugðist á nægilega markvissan hátt en það líður hratt að því að taka þurfi á þessari stöðu og er gert ráð fyrir að vinna við það hefjist á næstunni.



Hlíffarfélagar á sjóðfélagafundi.

Allur hópurinn samankominn í fundarlok.



## Kínverjar í heimsókn -þriðja árið í röð

Þriðja árið í röð kom hópur frá verkalyðssamtökunum í Guandonghéraði í Kína í heimsókn til Hlífar, til að kynna sér starf og verkefni almenns verkalyðfélags á Íslandi.



Kolbeinn segir kínversku sendinefndinni upp og ofan af starfi félagsins. Í baksýn er innrammað spjald sem önnur sendinefnd frá Kína gaf félaginu á síðasta ári, en á því stendur „Öreigar allra landa sameinist!“



Kínversku gestirnir færðu Íslendingunum gjafir í fundarlok, hátíðarútgáfu af frímerkjum. Hér útskýrir einn forystumaður kínversku sendinefndarinnar myndmálið á frímerkjunum fyrir Birni Snæbjörnssyni, formanni Starfsgreinasambandsins. Gestirnir voru leystir út með gjöfum, Íslenskum ljósmyndabókum.

### Aðrar stærðir en á Íslandi

Í Guandonghéraði búa um 100 milljónir manna, en héraðið er eitt af þrjátíu og einu héraði í Kína. Alls búa um 1,4 milljarðar í Kína. Um 28 milljónir félaga eru í verkalyðsfélaginu, sem er hluti af All China Trade Union Congress – Alþýðusambandi þeirra Kínverja. Í máli kínversku fulltrúanna kom fram, að Guandongfélaginu væri skipt í deildir. Verkalyðshreyfingin væri nátengd

kommúnistaflokknum, en hefði lítil tengsl við stjórnvöld, nema þá í gegnum flokkinn. Hlíf bauð Birni Snæbjörnssyni, formanni Starfsgreinasambandsins og Flosa Eiríkssyni, framkvæmdastjóra SGS að vera með á fundinum og segja frá starfi sambandsins.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar, kynnti félagið, helstu viðfangsefni og tengsl Hlífar við önnur félög, í gegnum Starfsgreinasambandið og Alþýðusamband Íslands. Hann fór jafnframt yfir þá kjarasamninga sem félagið gerir, eitt og í samstarfi við önnur félög.

Kínverjarnir sýndu starfinu mikinn áhuga. Mestur var áhuginn á orlofsjóðnum og orlofsíbúðunum. Merkilegast þótti þeim að orlofshúsin væru „einbýlishús“, sögðust vanari því að orlofsíbúðir væru í stórum fjölbýlishúsum, þar sem saman væru á einum stað margar íbúðir. Jafnframt sýndu þeir fjármögnun orlofsíbúðanna mikinn áhuga.



Í Kínversku sendinefndinni voru 6 fulltrúar úr ýmsum deildum héraðssambandsins í Guandong.

Nýr starfsmaður

## Mér finnst að sumu leyti eins og ég sé kominn heim

- segir Guðmundur Rúnar Árnason, nýr framkvæmdastjóri Hlífar



Guðmundur Rúnar Árnason hóf störf sem framkvæmdastjóri Hlífar í febrúar sl. Hann er öllum hnútum kunnugur í hreyfingunni og félaginu. Hann starfaði hjá Alþýðusambandinu í áratug og hefur unnið verkefni fyrir félög um allt land undanfarna áratugi, þ.m.t. Verkalýðsfélagið Hlíf. Guðmundur Rúnar var bæjarfulltrúi í Hafnarfirði frá 2002-2012, þar af bæjarstjóri síðustu tvö árin. Eftir það var hann verkefnisstjóri hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Malaví í fimm ár.

Guðmundur Rúnar segir að sú lífsreynsla hafi breytt sér og fjölskyldunni. „Það eru auðvitað heilmikil viðbrigði að flytjast til eins fátækasta lands í heiminum og kynnast örbirgð eins og

þar er ríkjandi. Verðmætamatið breytist. Mér leið vel þarna, hef reyndar alltaf kunnað betur við mig í kompaní með venjulegu alþýðufólki en valdamönnum og fínifólki.“

Þegar fjölskyldan fluttist heim, lá að mörgu leyti beint við að vinna aftur fyrir verkalýðshreyfinguna. „Mér hefur alltaf þótt gefandi að vinna fyrir verkalýðshreyfinguna“, segir Guðmundur Rúnar. „Þar slær hjartað – ég hef alltaf verið félagslega sinnuður. Mér hefur verið afar vel tekið, bæði af stjórn félagsins og öðru starfsfólki. Hér er valinn maður í hverju rúmi, góður andi og traust forysta, með ríkan skilning á þörfum félagsmanna.“

Starf framkvæmdastjóra er nýtt hjá félaginu

og því enn í móttun. Guðmundur Rúnar segir störf og verkefni verkalýðsfélags sífellt verða viðameiri og flóknari. Atvinnurekendasamtökin hafi raðað um sig sérfræðingum af ýmsu tagi og verkalýðshreyfingin hljóti að bregðast við því. Guðmundur Rúnar er með doktorspróf í stjórn málafræði frá London School of Economics og hefur auk þess sem áður nefnt, starfað mikið að rannsóknum og útgáfu.

„Ég hef alltaf verið svo heppinn að fá tækifæri til að starfa við það sem mér finnst skemmtilegt. Þetta starf er engin undantekning frá því. Að vissu leyti finnst mér ég vera kominn heim“, segir Guðmundur Rúnar að lokum.

Nýr starfsmaður

## Hér er náungakærleikur og dyrnar standa öllum opnar

- segir Eyrún Unnur Guðmundsdóttir, nýr VIRK-ráðgjafi á skrifstofu Hlífar



Eyrún Unnur Guðmundsdóttir hóf störf sem VIRK-ráðgjafi á skrifstofu Hlífar í apríl sl. Áður starfaði hún sem félagsráðgjafi á Landakotsspítalanum um tíma. Áður en hún hóf störf þar, bjó hún og starfaði á Höfn í Hornafirði.

„Ég flutti frá Höfn í Hornafirði eftir tæpra 12 ára búsetu þar, með eiginmanni og þremur börnum. Fjölskyldan settist að í Kópavogi og þar búum við núna.“ Eyrún tók stúdentspróf frá Fjölbautarskólanum í Breiðholti og lauk námi

í Félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands vorið 2005.

„Eftir það fór ég í fæðingarorlof í eitt ár, en síðan fluttum við austur á Hornafirð árið 2006. Okkur langaði að prófa eitthvað nýtt. Eftir þennan tíma fyrir austan langaði okkur aftur að prófa eitthvað nýtt og nú er ég hér“, segir Eyrún og hlær.

Eyrúnu líkar vel við nýja vinnustaðinn. „Hér eru einstaklega skemmtilegir vinnufélagar og smá „sveitafllingur“ eins og á Höfn. Þótt Hafnarfjörður sé miklu stærri en Höfn, er dálítill smábæjarbragur á hlutunum. Það er

náungakærleikur, dyrnar standa öllum opnar og það eru allir velkomnir. Þetta einkenni lítill sveitarfélög og mér finnst þetta verðmætt.“

Aðspurð segir Eyrún að henni finnst bæði gaman og gefandi að sinna ráðgjöfinni. Fólkið sem komi, sé í langflestum tilvikum jákvætt og vilji ná árangri. „Það er gaman að vinna með fólki sem er þannig innstillt og það eykur líkurnar á árangri. Langflestir líta á þetta sem tækifæri í lífinu“, segir Eyrún að lokum og er rokin í næsta viðtal.



## Tækifæri til að auka og bæta þjónustu við félagsmenn

Hafin er vinna við stækkun og gagngerar endurbætur á skrifstofum félagsins. Starfíð hefur aukist talsvert að umfangi og ýmislegt sem mátti færa til betri vegar. Það á ekki síst við aðkomu og aðstöðu þeirra sem heimsækja skrifstofuna.

Tekið verður í gagnið um 250 fm rými á jarðhæð hússins við Reykjavíkurveg 64, beint undir skrifstofu Hlífar. Þar var verzlunin Fjallakofinn síðast til húsa. Hluti starfseminnar flyst þangað, en innangengt verður milli hæða. Á jarðhæðinni verður lögð áhersla á að bæta aðstöðu þeirra sem sækja þjónustu hjá VIRK og

sjúkrasjóði Hlífar. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða verður stórbætt og komið upp fundaraðstöðu fyrir stjórn félagsins, sem hefur fundað í kaffistofu starfsfólks undanfarin ár.

### Mætum félögum á heimavelli!

Á undanförunum mánuðum hefur verið lögð talsverð vinna í að bæta vef félagsins, auk þess sem félagið er að hasla sér völl á samfélagsmiðlum. Þá er unnið að því að bæta og auka möguleika félagsmanna til að afgreiða sig sjálfir, á "mínum síðum". Guðmundur Rúnar

Árnason, framkvæmdastjóri félagsins segir að það sé gott að fá félagsmennina í heimsókn og geta veitt þeim persónulega þjónustu. Það styrkir félagslegu tengslin. Sumir vilji aftur á móti geta fengið rafræna þjónustu. Tæknilegt öryggi í rafrænni miðlun hafi aukist stórlega á undanförunum árum og sumir kjósi frekar að ganga frá sínum málum með þeim hætti en að heimsækja skrifstofur. Auk þess eigi ekki allir heimangengt á skrifstofutíma. "Við reynum því að mæta félagsmönnum þar sem þeir eru og þegar þeim hentar", segir Guðmundur Rúnar.

## Styrkir hjá Starfsafli, Flóamennt og Námskeiðssjóði Vlf. Hlífar

Styrkir hjá Flóamennt, Starfsafli og Námskeiðssjóði Verkalýðsfélagsins Hlífar eru sem hér segir:

Árleg fjárhæð styrks er 100.000  
Miðað er við að greitt sé allt að 75% af kostnaði.

Þriggja ára styrkur (ef félagsmaður hefur ekki sótt um styrk síðustu þrjú ár) er allt að 300.000 krónur fyrir eitt samfellt námskeið eða nám.

Tómstunda- og lífsleiknistyrkir eru 30.000 krónur.



# Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



**Með gjafakorti Landsbankans** er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



**HÓPBÍLAR**



# Trúnaðarmenn Hlífar – límið í félaginu!

Meðal þess sem er mikilvægast í starfi hvers verkalyðsfélags eru trúnaðarmennirnir. Þeir eru valdir af félagsmönnum sjálfum, á hverjum vinnustað, fyrir tilstilli félagsins. Þeir eru fulltrúar starfsmanna gagnvart atvinnurekanda, en ekki síður tengiliður þeirra við félagið sitt. Þannig má jafnvel halda því fram að trúnaðarmennirnir séu límið í félaginu.

Það skiptir því höfuðmáli að vel takist til um valið á trúnaðarmönnum á vinnustöðum – og að þeir séu vel með á nótunum. Þess vegna hefur Hlíf reglulega boðið trúnaðarmönnum að sækja námskeið um störf og verkefni trúnaðarmanna. Í haust hafa verið haldin tvö námskeið – fyrsti og annar hluti trúnaðarmannafraeðslunnar. Bæði námskeiðin voru vel sótt og tókust afar vel. Stefnt er að frekari fræðslu fyrir trúnaðarmennina á næsta ári.

Hlutverk trúnaðarmanna er skilgreint í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar kemur fram, að trúnaðarmaðurinn skuli gæta þess að gerðir samningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Með þessu er átt við öll réttindi samkvæmt lögum eða reglum sem varða persónuleg réttindi manna, en það eru þau réttindi sem eru svo nátengd andlegu eða líkamlegu lífi manna að þau verða ekki frá því greind.

## Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Á myndunum má sjá hluta þátttakenda á trúnaðarmannanámskeiðum haustsins, auk Guðmundar Hilmárssonar frá Félagsmálaskólanum, sem var leiðbeinandi á þeim báðum. Sigurlaug Gröndal leiðbeindi á hluta fyrra námskeiðsins.





## Gallup könnun í fullum gangi



Nú stendur sem hæst árleg könnun sem Verkalýðsfélagið Hlíf gerir í samstarfi við VSKF og Stéttvest, um kjaramál og ýmis viðhorf til starfa félaganna.

Þeir sem svara könnuninni geta dottið í lukkupottinn, því dregin eru nöfn nokkurra heppinna þátttakenda. Þeir vita um leið og þeir eru búnir að svara hvort þeir eru meðal þeirra heppnu.

Nú þegar hefur einn félagsmaður gefið sig fram og fengið afhentan vinning – en það eru fleiri í pottinum. Þeir félagsmenn sem hafa fengið könnunina eru hvattir til að svara – og þannig gætu þeir fengið glaðning sem gæti komið sér vel um jólin.

Olga Karin Aadngard Silvonen tekur við vinningi úr hendi Kolbeins Gunnarssonar, formanns.

# GALLUP®

## Munið desemberuppbótina!

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsfólki sínu desemberuppbót í byrjun desember ár hvert. Uppbótin er háð ákveðnum skilyrðum sem varða t.a.m. starfstíma og starfshlutfall á yfirstandandi ári. Desemberuppbót skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof. Uppbótin er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga.

### Full desemberuppbót árið 2019:

- 92.000 kr. hjá þeim sem vinna á almennum vinnumarkaði.
- 89.000 kr. hjá þeim sem vinna hjá ríki (gildir líka um þá sem starfa hjá fyrirtækjum í Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu)
- 113.000 kr. hjá þeim sem vinna hjá sveitarfélögum (gildir líka um þá sem vinna hjá Hjallastefnunni og Skólum ehf)
- 216.711 kr. hjá þeim sem vinna í álverinu í Straumsvík

Ekki er enn búið að semja við ríki, sveitarfélögin og Rio Tinto Alcan. Því gilda þar sömu fjárhæðir og í fyrra.

Þegar búið verður að semja við þessa aðila þarf væntanlega að greiða uppbót miðað við það sem samið verður um.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða launaseðilinn til að sannreyna að desemberuppbótin sé í samræmi við ofangreint.

## Framtíðin er hér og nú



**Það eru miklar og örur breytingar í vinnuumhverfinu og sumar verðum við frekar vör við en aðrar. Það þykir sjálfsagt að dæla sjálfur á bílinn, fara í hraðbanka eða á sjálfsafgreiðslukassa í verslunum svo dæmi séu tekin. Þetta eru hinsvegar dæmi um breytingar á störfum og breytingar af þessu tagi eiga sér stað víða og hafa áhrif; störf leggjast af, störf breytast og ný störf verða til. Fjórða iðnbyltingin er mætt.**

Fjárfesting í þjálfun og þróun er lykhillinn að því að takast á við breytingar á störfum, mögulegar hindranir og skort á þekkingu og færni innan vinnustaða, hvort heldur um stofnanir eða fyrirtæki er að ræða. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi umræðunnar um fjórðu iðnbyltinguna og mikilvægi þess að starfsfólk sé undirbúið. Markaðsforskot í dag snýst um færni og þekkingu starfsfólks. Það er því mikilvægt að sofna ekki á verðinum.

Þeir sem til þekkja spá því að um 80% núverandi starfa verði meira eða minna sjálfvirknivædd á næstu tveimur áratugum. Þau störf breytast eða hverfa. Það má hinsvegar ekki gleyma því að auðveldara er að sjá hvernig núverandi störf geta tapast vegna sjálfvirkni en að ímynda sér hvernig ný störf geta komið fram einhvern tíma í framtíðinni. Það er í raun ómögulegt að hugsa sér hvaða störf verða, við eigum erfðara með að spá fyrir um það.

### Er þinn vinnustaður í stakk búinn til að takast á við breytingar ?

Mikil tækifæri felast í sjálfvirknivæðingu en þeim tækifærum fylgja líka ógnir. Í því samhengi er

vert að rýna hæfnibil starfsfólks og starfa og hvernig hægt sé að brúa það bil með fræðslu og þjálfun, en hæfnibil er mismunurinn á hæfni sem þörf er á innan vinnustaðar og þeirrar hæfni sem starfsfólk hefur yfir að ráða.

Að framkvæma greiningar á hæfnibili er mikilvægt til að bera kennsl á þá hæfni sem nauðsynleg er til að mæta þörfum starfsfólks og þróun starfshópsins samhliða stefnu, markmiðum og framtíðarsýn fyrirtækisins.

Ef litið er til Bretlands má sjá vísbendingar um að atvinnurekendur séu að fjárfesta minna í þjálfun og fræðslu starfsfólks en gert var fyrir 20 árum. Í því samhengi er meðal annars bent á að sá tími sem hver starfsmaður ver í fræðslu á ári hefur dregist töluvert saman. Það sem er athyglivert og sannarlega áhyggjuefni er að sú fræðsla sem er sótt, er annað hvort lögbundin, snertir þætti sem snúa að heilsu og öryggi og annað það sem getur verið nauðsynlegt fyrir rekstrarhæfi fyrirtækisins eða snýr að almennri nýliðafræðslu. Það má ekki draga úr vægi þessa eða mikilvægi en það má sannarlega hafa af því áhyggjur hvort verið sé að mæta hæfniþörf starfsfólks og búa það undir breytingar á störfum þess.

Frá því að Starfsafl tók til starfa hefur verið stigvaxandi vöxtur í fjölda umsókna frá fyrirtækjum. Hinsvegar er það áhyggjuefni að hluti af þeim vexti sem á sér stað, er eins og í Bretlandi, vegna lögbundinnar fræðslu og fræðslu sem hefur með rekstrarhæfi að gera.

Það er hætta á því að atvinnurekendur sem þurfa að fjárfesta í lögbundinni fræðslu láti þar við sitja, enda það eitt og sér oft flókið og kostnaðarsamt, og fjárfesti ekki frekar í sínu starfsfólki.

Það eru tvær leiðir til að mæta þeirri hæfni sem upp á vantar, þjálfun eða nýráðning. Rétt þjálfun getur hjálpað til við að að loka eyðum milli núverandi og æskilegs hæfnistigs og þannig séð til þess að fyrirtækið og starfsfólk þess sé í stakk búið til að mæta verkefnum morgundagsins. Að því sögðu er fjöldi fyrirtækja sem þjálfar sitt starfsfólk til að mæta hæfnibilum. Í einhverjum tilfellum getur það verið kostnaðarsamt að fara þá leið að þjálfa í lausar eða nýjar stöður en það er oftast ekki hagkvæmara en nýráðning.

Í minni fyrirtækjum er það auðveldlega á færri þeirra sem fara með mannaúsmál að greina þessar þarfir og setja í gang fræðsluáætlun en sé þess ekki kostur, má fá inn ráðgjafa en fjöldi ráðgjafa veitir aðstoð við hæfnigreiningar og þá er Fræðslustjóri að láni kjörin leið. „Fræðslustjóri að láni“ felur í sér fræðslu- og mannaúsráðgjafa, sem greinir fræðsluþarfir fyrirtækisins og semur fræðsluáætlun byggða á greiningunni.

### Ert þú að horfa til framtíðar?

Sá sem vill vera á vinnumarkaði þarf að rýna í eigin hæfni og getu og sækja sér þá fræðslu og þjálfun sem nauðsynleg er til framþróunar. Fjárfesting í þjálfun og þróun er lykhillinn að því að takast á við hindranir og skort á þekkingu og færni.

Að því sögðu hvetur Starfsafl fyrirtæki og einstaklinga til að nýta sér áunninn rétt hjá sjóðnum, horfa til framtíðar og fjárfesta í fræðslu og þekkingu. Ábyrgðin er allra.

Lísbet Einarsdóttir.



## Innbakað

# LAMBAFILLE MEÐ SVEPPAFYLLINGU

Fyrir 4

### Uppskrift:

2 stk lambafille ( ca. 1000 gr)  
200 gr smjördeig ( Fæst tilbúið í flestum verslunum )  
2 stk egg til penslunar  
Salt og pipar  
Sveppafylling  
300 gr. sveppir, saxaðir  
2 msk rjómi  
1 dl brauðraspur  
Salt og pipar

### Aðferð:

Sveppir steiktir á pönnu við vægan hita og rjóma bætt út í og soðið niður. Sett í skál og brauðraspi hrært saman við og kælt. Smakkað til með salt og pipar.  
Fituhreinsið lambið, saltið og piprið. Steikið á pönnu við háan hita í um það bil 1,5 mínútu á hvorri hlið og kælið kjötið. Takið smjördeigið og setjið sveppafyllinguna á miðjuna, kjötið sett ofan á og restin af fyllingunni sett ofan á kjötið. Smjördeiginu er rúllað yfir kjötið með samskeytin undir kjötinu, leggið rúlluna í ofnskúffu og penslið með egginu. Hitið ofninn í 200°C, stingið göt á smjördeigið með gaffli og steikið í ofninum í 12 mínútur, látið hvíla í 10 mínútur áður en það er borið fram. Gott að bera fram með kartöflugratín, blandað grænmeti og brúnni sósu, jafn vel sveppasósu.

Verði ykkur að góðu!



## Lambakóróna

# MEÐ SVEPPA OG FETAOSTAHJÚP

### Uppskrift:

1000 gr. Lambakóróna  
Hjúpur  
600 gr. sveppir, saxaðir  
2 krukkur fetastur krydd  
1-2 dl brauðraspur  
Salt og pipar


### Aðferðir:

Forhitið ofninn í 175°C

Brúnið kjötið á vel heitri pönnu. Kryddið með salt og pipar. Maukið saman sveppi, fetast og rasp í blandara. Smyrjið yfir lambakórónuna og setjið kórónuna á bakka og inni ofn þar til hún hefur náð 55- 60°C í kjarnhita. Takið kórónuna úr ofninum og látið hvíla á bakka í 10 mín.

Gott að bera fram með kartöflugratín, blandað grænmeti og brúnni sósu, jafn vel sveppasósu.

Verði ykkur að góðu.

MYND: SCOTT BRENNER (CC BY 2.0)					KK NAFN	URRDAN	VERUND	ÖRK	ÞÁTT-TAKANDI
					DÆLD		ÖREGLA	GLÓRA	
					MASTUR				
					SPÍRA				
						HLUTVERK			
						MÁLmur			
				RÓL		ÓÐUR			
						RANNSAKA			
				LEIKUR				SMYRSL	
				HANKI					
KYN		DÝRKA	SKÖRP BRÚN	TILSEGA			SAGGI		
				TVEIR EINS			ENDA-VEGGUR		
						ÞEJJA			SNYRTING
						FYRR			KROPP
REIKA						ÓSKA		FÚADÝ	
TÓNLEIKAR						HIMNESKA VERU		BOLI	
				ÞOKKI			LEGGJA NIÐUR		
				HJÁ			HÆKKA		
TVEIR EINS			FÉLAGI				HÁTTUR		
ÖLMUSU-MAÐUR			FLÍK				EFTIR-FARANDI		ÞRYKK
					SPÉ			ÖRVERPI	
					SLÁ			MUNDA	
		EIGIND				DÝR			
		TELJA				BEYGLA			GEGNIR
KOLLA			RESKJAST					TANGI	
ILMSMYRSL			FRÁ					TÖNG	
					SKRAMBI		HALD		ÁTT
							FARFA		ÖXULL
ÁLITS								SAMSINNA	
	TEYGJUDÝR		SKÝLI					FLASKA	
			SÁL				ELDSNEYTI		HJÚPUR
			SIGÐ				BÖND		
ÚTBÍA				SKRÁ		TALA			HVAÐ SEGIRÐU
						HRAKTI			STAMPAR
		STEFNUR					ÞYKJUSTA		
		KLIDUR					SKÓLI		
FALL					ANGRAR			DRYKKUR	
LÚTUR									
			KÁETA					MARR	

Nafn: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Heimili: \_\_\_\_\_ Lausnarorð: \_\_\_\_\_